



2022

FJÁRMÁLAEFTIRLIT

Seðlabanki Íslands hefur meðal annars það hlutverk að stuðla að traustri og öruggri fjármálastarfsemi.

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands (fjármálaeftirlitið) fylgist með að starfsemi eftirlitsskyldra aðila sé í samræmi við lög, reglugerðir, reglur og samþykktir sem um starfsemina gilda og að starfsemin sé í samræmi við heilbrigða og eðlilega viðskiptahætti. Markmið eftirlits með fjármálastarfsemi er að stuðla að traustum og öruggum fjármálamarkaði og draga úr líkum á að starfsemi eftirlitsskyldra aðila leiði til tjóns fyrir almenning.

Tilgangur ritsins um fjármálaeftirlit er:

- að skýra frá því hvernig fjármálaeftirlitið vinnur að þeim verkefnum sem því eru falin í lögum og hvernig stefnu og verkáætlun fjármálaeftirlitsins var fylgt eftir á næstliðnu ári;
- að upplýsa um helstu áherslur í verkáætlun ársins;
- að greina frá nýlegum og væntanlegum breytingum á réttarheimildum fjármálamarkaðarins.

Með útgáfu ritsins leitast Seðlabankinn við að tryggja viðeigandi gagnsæi um störf og áherslur fjármálaeftirlitsins og stuðla að upplýstri umræðu um fjármálakerfið.

Útgefandi:

Seðlabanki Íslands, Kalkofnsvegi 1, 101 Reykjavík, 569 9600, [sedlabanki@sedlabanki.is](mailto:sedlabanki@sedlabanki.is), [www.sedlabanki.is](http://www.sedlabanki.is)

2. rit. 10. mars 2022 ISSN 2772-0802, vefrit

Öllum er frjálst að nota efni úr Fjármálaeftirliti en þess er óskað að getið sé heimildar.

# Efnisyfirlit

Formáli seðlabankastjóra og varaseðlabankastjóra fjármálaeftirlits	5
--	---

## I Starfsemi fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands 7

---

Eftirlit með fjármálafyrirtækjum	7
Eftirlit með váttryggingastarfsemi	12
Eftirlit með lífeyrissjóðum og vörsluaðilum séreignarsparnaðar	13
Eftirlit með viðskiptaháttum og málefni neytenda	15
Eftirlit með verðbréfamarkaði	19
Eftirlit með rekstrarfélögum verðbréfasjóða, verðbréfasjóðum og rekstraraðilum sérhæfðra sjóða	23
Eftirlit með aðgerðum gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka	24

## II Helstu áherslur í verkáætlun 2022 27

---

Helstu áherslur 2022	27
----------------------	----

## III Breytingar á réttarheimildum fjármálamarkaðar 29

---

Lagabreytingar á árinu 2021	29
Setning reglna og leiðbeinandi tilmæla á árinu 2021	29
Vætanleg ný löggjöf á fjármálamarkaði	31

### Rammagreinar

---

1 Vettvangsathuganir	12
2 Hæfismat og virkir eignahlutir	15
3 Starfsleyfi og önnur leyfismál	22
4 Viðurlagamál	26

### Viðaukar 35

---

1 Fjöldi aðila undir eftirliti við árslok 2021	35
2 Starfsemi erlendra aðila á Íslandi við árslok 2021	36

Merking tákna:

- \* Bráðabirgðatala eða áætlun.
- 0 Minna en helmingur einingar.
- Núll, þ.e. ekkert.
- ... Upplýsingar vantar eða tala ekki til.
- . Tala á ekki við.

# Formáli seðlabankastjóra og varaseðlabankastjóra fjármálaeftirlits

Árið 2021 var áfram markað af áhrifum COVID-19 á þjóðarbúskapinn og fjármálakerfið. Svo virðist nú sem farsóttin sé brátt að baki en efnahagslegar afleiðingar hennar eiga þó eftir að koma fram. Það liggur þó fyrir að áhrifin á fjármálakerfið verða ekki jafnmikil og óttast var í fyrstu. Fjármálakerfið stóð áfallið almennt mjög vel af sér. Þar skipti mestu máli sú trausta umgjörð sem fjármálamarkaðnum er nú búinn, vel tímasettar aðgerðir Seðlabankans og stjórnvalda og svo efnahagsbati sem komst vel á veg á síðasta ári.

Sjaldan er þó ein báran stök. Um leið og hillti undir lok sóttvarnaaðgerða braust stríð út í Evrópu sem mun hafa veruleg og mögulega ófyrirséð áhrif á efnahagsframvinduna í ljósi þeirra þvingunaraðgerða sem gripið hefur verið til gegn Rússlandi. Fyrir það fyrsta mun eftirfylgni téðra þvingunaraðgerða verða á verksviði fjármálaeftirlits og skapa þannig ný mikilvæg verkefni. Þá mun útilokun Rússlands frá vestrænum fjármálamörkuðum valda álagi á fjármálastofnanir í Evrópu og hefur þessi útilokun þegar komið nokkrum bönkum í Evrópu í koll. Enn fremur munu þessar aðgerðir auka á þann verðbólguþrýsting sem þegar var til staðar vegna farsóttarinnar vegna hærra orkuverðs og framboðshnökra. Aukin verðbólga og óumflýjanlegar aðgerðir seðlabanka til þess að hafa hemil á henni munu fyrirsjáanlega fela í sér áskoranir fyrir fjármálastofnanir beggja vegna Atlantshafsins.

Einkenni rafrænnar þjónustu er að hún þekkir engin landamæri. Því fylgja meiri möguleikar en áður á að misnota fjármálaþjónustu til afbrota. Peningaþvætti er brot sem alþjóðasamfélagið hefur tekið höndum saman um að berjast gegn. Þáttur í þeirri baráttu er að sett hafa verið lög sem gera miklar kröfur til fyrirtækja um að meta líkur á því hvort ákveðin viðskipti séu liður í að þvætta illa fengið fé og tilkynna grun um slíkt til yfirvalda. Fyrirtækjum á fjármálamarkaði og fleirum er gert að vera með aðgerðir í þessu skyni, svo sem að áhættumeta starfsemi sína og gera áreiðanleikakannanir á viðskiptamönnum sínum. Eftirlit með aðgerðum gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka á fjármálamarkaði hefur verið eftt til muna að undanfögnu og það kemur nú til góða þegar kemur að eftirfylgni með þvingunaraðgerðum á fjármálamarkaði líkt og minnst er á hér að ofan. En burtséð frá stríði og stjórnámum mun verða lögð aukin áhersla á að rekja uppruna fjármagns í næstu framtíð.

Fyrirtæki á fjármálamarkaði eru mikilvægir og virkir þátttakendur í þeirri viðhorfsbreytingu sem hefur orðið vegna æ sýnilegri afleiðinga af hlýnun jarðar. Þau láta að sér kveða með því að sýna samfélagslega ábyrgð við ákvarðanir um hvernig þau miðla fé til verkefna og háttá starfsemi sinni. Hér þarf þó að fylgjast með að staðið sé við stóru orðin og að innan fyrirtækjanna sé fyrir hendi þekking á hvaða verkefni eru raunverulega umhverfisvæn eða samfélaginu til heilla og hver ekki. Varúðarraddir heyrast úr ýmsum áttum um að girða þurfi fyrir grænþvott. Von er á að samræmdar evrópskar leikreglur um þessi málefni verði hluti af íslenskum rétti innan skamms.

Svo magnþrunginn atburður sem stríð í miðri í Evrópu sannanlega er felur í sér ýmis keðjuverkandi áhrif sem ekki eru ljós á þessari stundu. Af þeim sökum má vænta ýmissa óvæntra áskorana fyrir fjármálaeftirlit á næstu misserum – líkt og raunar fylgdi farsóttinni. Aðeins voru

liðnir tæpir tveir mánuðir frá sameiningu Seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins þegar COVID-19 veiran barst til landsins og hin nýsameinaða stofnun þurfti að bregðast við því mikla áfalli sem fylgdi farsóttinni. Á þessum tveimur sóttarárum hefur sameiningin sannað gildi sitt og fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands gengur því ótrautt áfram til móts við þær nýju áskoranir sem munu óhjákvæmilega fylgja stríðsátökum í Evrópu.

Ásgeir Jónsson,  
seðlabankastjóri

Unnur Gunnarsdóttir,  
varaseðlabankastjóri fjármálaeftirlits

# Starfsemi fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands



Í þessum kafla er skýrt frá því hvernig fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands (fjármálaeftirlitið) framfylgdi stefnu sinni og verkáætlun á árinu 2021 með reglubundnu eftirliti og öðrum athugunum. Þá er jafnframt greint frá lykilstærðum fjármálakerfisins sem varða markmið um traustan og öruggan rekstur eftirlitsskyldra aðila.

## Eftirlit með fjármálafyrirtækjum

Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með fjármálafyrirtækjum sem hlotið hafa starfsleyfi samkvæmt lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki. Annars vegar er um að ræða reglulegt eftirlit í samræmi við grunneftirlitslíkan fjármálaeftirlitsins og hins vegar sértækar athuganir sem taka mið af aðstæðum og áhættumati. Megináhersla í eftirliti með fjármálafyrirtækjum er að þau búi við sterka eigin- og lausafjárstöðu til að tryggja fjárhagslegan styrk þeirra til að mæta óvæntum áföllum. Um eftirlit með rafeyrisfyrirtækjum fer samkvæmt lögum nr. 17/2013, um útgáfu og meðferð rafeyris, og um eftirlit með greiðslustofnunum fer samkvæmt lögum nr. 114/2021, um greiðsluþjónustu.

Í lok árs 2021 voru fjórir viðskiptabankar, fjórir sparisjóðir, þrjú lánaþyrirtæki, níu verðbréfaþyrirtæki, tvö rafeyrisþyrirtæki og ein greiðslustofnun undir eftirliti fjármálaeftirlitsins.

Þrjú viðskiptabankar, Arion banki hf., Íslandsbanki hf. og Landsbankinn hf., eru skilgreindir sem kerfislega mikilvægir bankar (KMB) af fjármálastöðugleikaneftnd. Eftirlit með kerfislega mikilvægum bönkum er umfangsmikið verkefni og felur í sér reglulega og kerfisbundna yfirferð á gögnum um stöðu bankanna, en einnig sértækar athuganir og greiningar ásamt því sem viðtöl eru tekin við tiltekna lykilstarfsmenn þeirra. Fylgst er með þróun lykilmælikvarða í rekstri bankanna og mat lagt á lífvænleika og sjálfbærni viðskiptaáætlana þeirra. Þá

eru margvíslegir áhættuþættir í rekstri þeirra teknir til skoðunar og bæði rýndir með kerfisbundnum hætti og eftir atvikum oftast en venja er ef ástæða þykir til.

Samstarf við Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina (EBA) er stór hluti af reglubundnu eftirliti með fyrirtækjum á fjármálamarkaði, en áherslur EBA endurspeglast m.a. í verkáætlun fjármálaeftirlitsins auk þess sem laga- og regluverk á bankamarkaði er unnið hjá EBA og fylgist fjármálaeftirlitið grannt með þeirri vinnu.

## Könnunar- og matsferli

Árlega framkvæmir fjármálaeftirlitið ítarlegt könnunar- og matsferli (e. Supervisory Review and Evaluation Process, SREP) hjá kerfislega mikilvægum bönkum. Í því leggur fjármálaeftirlitið mat á helstu áhættuþætti sem felast í starfsemi bankanna og með hvaða hætti þeir meðhöndla þá, þ.m.t. stýringu og eftirlit. Ferlið felur jafnframt í sér að fjármálaeftirlitið leggur mat á og ákveður eiginfjárbörf banka undir stoð II-R sem segir til um það eigið fé sem nauðsynlegt er að viðkomandi banki hafi tiltækt vegna áhættu sem hann stendur frammi fyrir eða gæti mætt til viðbótar við lágmarkskröfur um eigið fé undir stoð I. Könnunar- og matsferlið fer fram í samræmi við *Almenn viðmið og aðferðafræði vegna könnunar- og matsferlis hjá fjármálafyrirtækjum*. Viðmiðin eru endurskoðuð reglulega og eru í samræmi við viðmiðunarreglur EBA um sama efni.

Hjá áhrifaminni fjármálafyrirtækjum fer könnunar- og matsferli sjaldnar fram en hjá kerfislega mikilvægum bönkum, þ.e. að jafnaði þriðja hvert ár nema aðstæður kalli á aukna tíðni. Þess á milli fer fram umfangsminna árlegt áhættumat fyrir áhrifaminni fjármálafyrirtæki. Er þetta í samræmi við það grundvallarsjónarmið í áhættumiðuðu eftirliti að eftirlit sé umfangsmeira með fyrirtækjum sem geta stofnað fjármálastöðugleika í hættu eða

valdið stórum hópi viðskiptavina miklum óþægindum eða tjóni.

### Eiginfjár- og lausafjárkröfur

Vegna þeirrar óvissu sem skapaðist vegna COVID-19 ákvað fjármálaeftirlitsnefnd Seðlabanka Íslands í apríl 2020 að fresta ákvörðun um viðbótareiginfjárkröfu kerfislega mikilvægra banka og í september 2020 ákvað nefndin að niðurstaða könnunar- og matsferlis árið 2019 um viðbótareiginfjárkröfu skyldi standa óbreytt og gilda fyrir árið 2020.

Aðstæður breyttust hins vegar mikið eftir að framangreind ákvörðun var tekin og í júlí 2021 var birt niðurstaða úr könnunar- og matsferli hjá Arion banka hf., Íslandsbanka hf. og Landsbankanum hf. um viðbótarkröfu um eiginfjárgrunn, til viðbótar við grunnkröfur um eiginfjárgrunn og samanlagða kröfu um eiginfjáruka. Samkvæmt ákvörðun fjármálaeftirlitsnefndar nemur við-

bótarkrafa um eiginfjárgrunn kerfislega mikilvægu banka á samstæðugrunni á bilinu 2,5% - 3,5% og er því heildarkrafa um eiginfjárgrunn þeirra á bilinu 17,8% - 18,9%. Nefndin kom því á framfæri við alla banka þrjá að við mat á eiginfjárbörf yrði að líta til atvika sem mögulega gætu komið til síðar. Enn ríkti óvissa um eignagæði vegna áhrifa COVID-19. Því væri mikilvægt að bankarnir gættu áfram fyllstu varfærni í starfsemi sinni. Sterk eiginfjár- og lausafjárstaða gerði bönkunum þremur þó betur kleift að koma til móts við þá óvissu.

Sveiflujöfnunarauka, sem áður var 2% af áhættugrunni vegna innlendra áhættuskuldbindinga, var aflétt í mars 2020 með ákvörðun fjármálastöðugleikanefndar. Í september 2021 ákvað nefndin að hækka gildi sveiflujöfnunaraukans aftur í 2%. Að mati nefndarinnar hafði hratt hækkingu eignaverð samhliða aukinni skuldsetningu heimila þá þegar fært sveiflutengda kerfisáhættu að minnsta kosti á sama stig og hún var fyrir útbreiðslu COVID-19. Nefndin taldi því ekki lengur þörf á því svigrúmi sem fjármálafyrirtækjum var veitt með afnámi hans í mars 2020. Hækkunin tekur gildi 12 mánuðum eftir ákvörðunina og mun því hafa áhrif á heildarkröfu um eiginfjárgrunn frá og með september 2022.

Lausafjár- og fjármögnunarkröfur samkvæmt reglum Seðlabankans eru 100% vegna lausafjárhlutfalls alls og í erlendum gjaldmiðlum, 50% vegna lausafjárhlutfalls í íslenskum krónum og 100% vegna fjármögnunarlutfalls. Lausafjáreignir kerfislega mikilvægu banka voru töluvert umfram lágmarkskröfur í árslok 2021.


### Ábendingar vegna könnunar- og matsferlis

Í könnunar- og matsferlinu er jafnframt lagt mat á þætti eins og lífvænleika og sjálfbærni viðskiptalíkans, stjórnarhætti, rekstraráhættu, útlánaáhættu, samþjöppunaráhættu, markaðs- og fastvaxtaáhættu og lausafjár- og fjármögnunaráhættu, enda getur mat á þessum þáttum m.a. haft áhrif á heildarmat á eiginfjárbörf banka. Ábendingum sem varða innra eftirlit og áhættustýringu vegna framangreindra áhættuþátta, auk ábendinga vegna umgjörðar álagsprófa, var komið á framfæri við banka á árinu.

### Eftirlit með rekstrar- og útlánaáhættu

#### Rekstraráhætta

Á liðnu ári var áfram lögð áhersla á rekstraráhættu við áhættumat á fjármálamarkaði og sérstaklega horft á útivistun í samræmi við áherslur fjármálaeftirlitsins. Í ljósi áherslna EBA á netvarnir og vegna vaxandi ógnar sem stafar af netárásam var einnig lögð áhersla á að skoða netvarnir og viðnámsþrótt fjármálafyrirtækja vegna þeirra. Þá var hafinn undirbúningur að innleiðingu





tilskipunar (ESB) 2015/2366 (PSD2) í íslenskan rétt, m.a. með því að taka í notkun nýtt frávikatilkynningakerfi sem byggist á viðmiðunarreglum EBA vegna PSD2. Tilskipunin var innleidd hér á landi með lögum nr. 114/2021, um greiðsluþjónustu.

Í athugun á vörnum gegn netárásam var kannað hvernig staðið væri að reglubundnum veikleikaskönnunum sem og viðbúnaði vegna álagsárása og mögulegrar gagnagíslatöku. Einnig voru skoðaðar netárásaprófanir og niðurstöður þeirra hjá stærri bönkum. Niðurstöður athugananna sýndu að ágætlega væri staðið að vörnum gegn netárásam hjá kerfislega mikilvægum bönkum, en áhrifaminni fjármálafyrirtæki treystu mikið á tækniþjónustuveitendur til að tryggja netöryggi sitt.

Notkun á skýjaþjónustu hefur haldið áfram að vaxa hjá fyrirtækjum á fjármálamarkaði. Í ljósi svonefnds Schrems II-dóms Evrópudómstólsins frá árinu 2020 um að Bandaríkin teljist óöruggt þriðja ríki að því er varðar vernd persónuupplýsinga var skoðað sérstaklega hvernig fjármálafyrirtæki stæðu að notkun skýjalausna sem vistaðar væru utan Evrópu. Einnig var lögð áhersla á að fjármálafyrirtæki innleiddu nýjar viðmiðunarreglur EBA um útvistun.


### Útlánaáhætta

Grannt er fylgst með gæðum útlána banka og annarra lánastofnana sem hafa orðið fyrir áhrifum af COVID-19 og hefur eftirlit með útlánaáhættu fengið aukið vægi m.a. með tíðari vettvangsathugunum. Umfangsmesta aðgerðin hérlendis til að bregðast við vanda lánþega vegna COVID-19 fólst í almennum greiðsluhléum, en það úrræði er nú liðið undir lok. Í framhaldinu hefur verið töluvert um áframhaldandi greiðsluhlé á afborgunum á höfuðstól og/eða greiðslu vaxta. Slíkar fyrirgreiðslur eru ekki lengur flokkaðar með almennum hætti heldur oftast flokkaðar með *ívilnun*. Við þessar aðstæður reynir í auknum mæli á þá grundvallarreglu varúðar og reikningsskila að útlánaáhætta sé rétt metin í efnahag lánastofnana, bæði til skemmri og lengri tíma. Mikilvægt er að umgjörð lánastofnana styðji við að tímanlega séu borin kennsl á áhættu, unnið sé úr þeim útlánnum sem hafa verið í greiðsluhléi á viðeigandi hátt og að vel sé staðið að virðisrýrnun útlána og umsjón með útlánnum í vanefndum.

Enn ríkir nokkur óvissa um útlánagæði kerfislega mikilvægu bankanna en vanskilahlutföll samkvæmt skilgreiningu EBA (e. non-performing loans) voru lág í sögulegu samhengi undir lok ársins 2021 eða nálægt 2%. Á sama tíma hefur hlutfall útlána með ívilnun verið töluvert hærra hérlendis en að meðaltali í Evrópu, en fer þó lækkanandi. Þá gera bjartsýnni spár bankanna um útlánagæði það að verkum að virðisrýrnun útlána hefur að nokkru

leyti gengið til baka. Það ásamt hröðum vexti íbúðalána skýrir að miklu leyti lækkun virðisrýrnunarhlutfalls þeirra á árinu 2021.

Fjármálaeftirlitið mun halda áfram að fylgjast náið með þróun útlánaáhættu og eru áframhaldandi eftirlitsaðgerðir fyrirhugaðar vegna hennar.



### Vettvangsathuganir

Sérstök áhersla var lögð á vettvangsathuganir sem tengjast útlánaáhættu á árinu 2021. Gerðar voru vettvangsathuganir hjá kerfislega mikilvægu bönkunum þremur sem fólust í því að kanna verklag bankanna í tengslum við flokkun lána sem hlotið hafa ívilnun. Með ívilnun er átt við tilslakanir á lánaskilmálum, einkum greiðslufrestun, sem bankar geta gripið til vegna greiðsluerfiðleika lántaka. Fyrri hluti athugunarinnar beindist að innleiðingu bankanna á ákveðnum þáttum

sem getið er um í viðmiðunarreglum EBA um stýringu á áhættuskuldbindingum vegna vanefndar og ívilnunar. Síðari hluti athugunarinnar sneri að því að athuga hvernig bankarnir höguðu mati á ívilnun.

Þá voru virðismatsathuganir á lánaþyrngreiðslur valinna lántakenda gerðar hjá kerfislega mikilvægu bönkunum þremur þar sem markmiðið var að yfirfara bókfært virði lánaþyrngreiðslu lántakenda í úrtaki með hliðsjón af þeim aðferðum sem beitt var við mat á virði þeirra.

Jafnframt var athugun gerð hjá Íslandsbanka hf. á flokkun lána í og úr áhættustigi 3 samkvæmt IFRS 9 reikningsskilastaðlinum og framkvæmd bankans við virðisrýrnunarmat á lánunum. Lán sem flokkuð eru á áhættustigi 3 eru að jafnaði ýmist í meira en 90 daga vanskilum eða talið ólíklegt að lántaki geti staðið við skuldbindingar sínar. Fleiri vettvangsathuganir sem tengjast útlánaáhættu voru einnig gerðar og er þeim ólokið. Má þar meðal annars nefna útlánaskoðanir hjá sparisjóðunum.

Á árinu var einnig gerð vettvangsathugun hjá Arion banka hf. þar sem markmiðið var að kanna stjórnskipulag, hlutverk, ábyrgð og starfssvið áhættustýringar sem sneri að útlánaáhættu og hlutverk stjórnar og áhættunefndar hennar við stýringu á henni.

Þá voru gerðar athuganir vegna aðgerða gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka hjá nokkrum fjármálaþyrngtækjum og öðrum félögum á árinu (sjá umfjöllun á bls. 24), auk vettvangsathugunar á gæðum skýrslna vegna fjármálagerninga (TRS II) hjá Landsbankanum hf. (sjá umfjöllun á bls. 19).

### **Gagna- og upplýsingasöfnun vegna COVID-19**

Söfnun gagna og upplýsinga hefur verið tíðari en venja er vegna óvissu í tengslum við áhrif COVID-19-faraldursins á fjármálakerfið. Gögnum og upplýsingum var safnað ýmist vikulega eða mánaðarlega á liðnu ári til að meta m.a. áhrif faraldursins á útlánaáhættu og eiginfjár- og lausafjárstöðu bankanna til að fá heildstætt mat á áhrif hans á fjármálastöðugleika og þróun áhættuþátta fyrir fjármálakerfið. Einnig var ráðist í tíðari söfnun upplýsinga um þróun endurkröfuáhættu þeirra aðila sem sinna færsluhirðingu.

Tíðari gagnaskil vegna COVID-19 hafa nú verið aflögð af þremur meginástæðum. Í fyrsta lagi eru lánastofnanir með töluvert umfram eigið fé og framlög í virðisrýrnunarsjóði og hafa því getað staðið frammi fyrir þessari auknu áhættu. Í öðru lagi hafa Seðlabankinn og ríkisstjórnin þegar ráðist í ýmsar ráðstafanir til að létta byrðar lántaka og banka og dregið úr áhættu vegna COVID-19. Í þriðja lagi liggja áhrif vegna COVID-19 á fjármálakerfið betur fyrir og er mat fjármálaeftirlitsins að þau verði minni en talið var í upphafi faraldursins.

Gagnaskil eftirlitsskyldra aðila eru því að mestu leyti komin í reglubundið horf og er ýmist skilað mánaðarlega eða ársfjórðungslega. Þó er áfram vel fylgst með þróuninni með sértækri gagnasöfnun og ýmiss konar upplýsingasöfnun vegna þeirra úrlausnarefna sem fjármálaþyrngtæki standa frammi fyrir gagnvart viðskiptavinum sínum.

### **Afnám tilmæla um arðgreiðslur**

Í yfirlýsingu fjármálaeftirlitsnefndar 8. apríl 2020 hvatti nefndin fjármálaþyrngtæki til hófsemi og til að fresta fyrirhuguðum útgreiðslum arðs og endurkaupum á eigin hlutabréfum á meðan óvissa ríkti um áhrif COVID-19 á eiginfjárstöðu bankanna. Tilmæli nefndarinnar voru í samræmi við tilmæli EBA sem birt voru í mars 2020. Í kjölfarið tilkynntu stjórnir kerfislega mikilvægra banka að hætt hefði verið við fyrirhugaðar arðgreiðslur vegna ársins 2019.

Í yfirlýsingu fjármálaeftirlitsnefndar 13. janúar 2021 voru birt endurskoðuð tilmæli um arðgreiðslur fjármálaþyrngtækja og kaup þeirra á eigin hlutabréfum sem meðal annars tóku mið af yfirlýsingu Evrópska kerfisáhætturáðsins (ESRB) frá 15. desember 2020. Í endurskoðuðum tilmælum nefndarinnar voru fjármálaþyrngtæki hvött til þess að gæta ýtrustu varúðar við útgreiðslu arðs og kaup á eigin hlutabréfum fram til 30. september 2021. Með yfirlýsingu fjármálaeftirlitsnefndar 30. júní 2021 felldi nefndin brott tilmæli sín fyrir en áætlað var þar sem áhrif COVID-19-faraldursins á fjármálaþyrngtæki virtust minni en óttast var í upphafi árs, m.a. vegna aðgerða stjórnvalda í efnahagsmálum. Nefndin brýndi þó áfram fyrir fjármálaþyrngtækjum að gæta ýtrustu varfærni við ákvörðun um útgreiðslu arðs og gerð áætlana um kaup á eigin hlutabréfum.

Mat á stöðu fjármálakerfisins nú er hagstæðara en við upphaf faraldursins og áhrifin á helstu áhættuþætti bankanna, einkum gæði útlánasafna þeirra og fjárhagsstöðu, eru komin fram. Ljóst þykir að viðnámsþróttur þeirra er töluvert mikill.

### **Endurbótaáætlanir**

Kerfislega mikilvægir bankar skiluðu endurbótaáætlunum til fjármálaeftirlitsins í lok árs 2021 í fjórða sinn. Yfirferð á áætlununum hófst í byrjun árs 2022. Áhrifaminni fjármálaþyrngtæki skiluðu einfaldri endurbótaáætlun í október 2021 í annað sinn. Í hópi áhrifaminni fjármálaþyrngtækja eru nú sparisjóðirnir fjórir og Saltpay IIB hf. Kvika banki hf. færðist á árinu úr því að skila einfaldri endurbótaáætlun yfir í að skila fullgildri endurbótaáætlun eftir sameininguna við TM tryggingar hf. og skilaði samstæðan slíkri áætlun í fyrsta sinn undir lok síðasta árs.


Það er reynsla annarra fjármálaeftirlita í Evrópu að nokkur ár taki að samþætta efni og innihald endurbótaáætlana við þær réttarheimildir sem um þær gilda. Þá er það einnig reynsla þeirra að það taki tíma að samþætta sjónarmið og væntingar eftirlitsstjórnvalda og eftirlitskyldra aðila. Þetta er einnig reynsla fjármálaeftirlitsins. Fjármálaeftirlitið hefur átt gott samtal við eftirlitskylda aðila um efni og innihald endurbótaáætlana og komið á framfæri ýmsum athugasemdum og ábendingum í því sambandi. Almennt má segja að endurbótaáætlanirnar uppfylli formkröfur fjármálaeftirlitsins. Yfirferð á næstu árum mun því í meira mæli snúa að virkni endurbótaáætlana, en mjög mikilvægt er að þær séu uppfærðar reglulega miðað við aðstæður hverju sinni og séu virkt stýritæki í starfsemi fjármálaafyrirtækja.

## Rekstrarafkoma og fjármögnun kerfislega mikilvægra banka

### Rekstrarafkoma kerfislega mikilvægra banka

Heildarafkoma kerfislega mikilvægra banka var jákvæð á árinu 2021 og umfram væntingar markaðsaðila. Hagnaður eftir skatta nam tæpum 81 ma.kr. árið 2021 sem er talsverð aukning frá árinu 2020 en til samanburðar var samanlagður hagnaður þeirra tæpar 30 ma.kr. árið 2020. Arðsemi eigin fjár var 12,6% að meðaltali árið 2021 samanborið við 4,8% árið 2020.

Hrein virðisbreyting útlána breyttist töluvert á milli ára og færðist úr virðisrýrnun að fjárhæð 26 ma.kr. árið 2020 í jákvætt endurmat að fjárhæð 13 ma.kr. árið 2021. Þessi viðsnúningur í hreinni virðisbreytingu útlána, eða um 39 ma.kr., skýrir að miklu leyti bættu afkomu bankanna eftir skatta á milli ára.



### Fjármögnun kerfislega mikilvægra banka

Fjárhæð útgefna sértryggðra skuldabréfa kerfislega mikilvægra banka nam samtals 626 ma.kr. í árslok 2021

og jókst um 62 ma.kr. á árinu. Innlán viðskiptavina eru eftir sem áður stærsti einstaki liður fjármögnunar hjá kerfislega mikilvægum bönkum eða um 51%. Sértryggð skuldabréf eru um 14% fjármögnunar kerfislega mikilvægra banka, óveðtryggð skuldabréf í erlendum gjaldmiðlum um 14% og bókfært virði eigin fjár um 15%.

## Loftslagsmál

Loftslagsmál hafa á síðustu misserum fengið sífellt meira vægi í fjármálageiranum og er fjármálaeftirlit þar engin undantekning. Loftslagsmál eru nú eitt af helstu forgangsmálum EBA sem hefur bæði sett sér ítarlega verkáætlun í málaflokknum og komið á fót sérstakri deild sem hefur fengið það hlutverk að samræma regluverk á fjármálamarkaði við markmið Evrópusambandsins í loftslagsmálum.

Seðlabanki Íslands hefur hafið samtal við innlend fjármálaafyrirtæki um loftslagsmál og hafa bankarnir svarað að ítarlegri fyrirspurn hans um málaflokkinn. Stefnt er að því að efna til málstofu með bönkunum um loftslagsmál síðar á árinu, en mikilvægasta markmið þeirra nú ætti að vera að byggja upp þekkingu á málaflokknum.


## Takmörkun á stöðutöku viðskiptabanka og sparisjóða

Í Hvítbók um framtíðarsýn fyrir fjármálakerfið, sem birt var í lok árs 2018, var lagt til að fjármálaeftirlitinu yrði með lögum falið að setja reglur um varnarlínu eða takmörk á fjárfestingarbankastarfsemi viðskiptabanka og sparisjóða. Þessi tillaga var í samræmi við niðurstöður skýrslu nefndar um skipulag bankastarfsemi á Íslandi sem birt var í janúar 2018.

Á árinu 2021 samþykkti Alþingi breytingu á lögum nr. 161/2002, um fjármálaafyrirtæki, sem varðaði varnarlínu um fjárfestingarbankastarfsemi. Lagabreytingin felur m.a. í sér að beinar og óbeinar stöður kerfislega mikilvægs viðskiptabanka eða sparisjóðs í fjármálagerningum, að frátöldum skuldabréfum utan veltubókar og hrávörum, mega ekki vera svo miklar að samanlögð eiginfjárpörf vegna staðanna verði umfram 15% af eiginfjárgrunni. Með beinni stöðu er átt við eignarhald á fjármálagerningi eða hrávöru. Með óbeinni stöðu er átt við að áhætta af óhagstæðum breytingum á virði fjármálagernings eða hrávöru sé sambærileg því eða verri en ef bankinn ætti hana sjálfur. Hlutfallið skal reiknað á samstæðugrunni. Seðlabankinn hefur sett nánari reglur um þessa útreikninga, sbr. reglur nr. 1592/2021. Síðustu ár hefur hlutfallið sem hér er rætt um verið í kringum 5% hjá kerfislega mikilvægum bönkum og því töluvert frá því hámarki sem lögin mæla fyrir um.


## Vettvangsathuganir

Vettvangsathuganir styðja við reglubundið eftirlit með eftirlitsskyldum aðilum og eru ein þeirra aðferða sem fjármálaeftirlitið beitir til að sinna lögbundnu hlutverki sínu. Markmið vettvangsathugana er að greina ítarlega áhættuþætti í starfsemi eftirlitsskyldra aðila og leggja mat á viðskiptalíkon, stjórnarhætti og innri eftirlitakerfi þeirra. COVID-19-faraldurinn hafði áfram nokkur áhrif á vettvangsathuganir sem fyrirhugaðar voru á árinu. Ekki var hægt að framkvæma hluta þeirra á vettvangi en þess í stað fóru þær að nokkru fram í gegnum fjarfundabúnað þar sem fundað var með fulltrúum eftirlitsskyldra aðila.



### 24 vettvangsathugunum lokið á árinu 2021

Fjármálaeftirlitið lauk 24 vettvangsathugunum á árinu 2021, samanborið við 18 á árinu 2020. Áfram var lögð áhersla á athuganir sem sneru að aðgerðum eftirlitsskyldra aðila gegn peningþvætti og fjármögnum hryðjuverka, ásamt athugunum er tengdust útlánaáhættu, rekstraráhættu og stjórnarháttum og innra eftirliti í starfsemi eftirlitsskyldra aðila. Ákvarðanir um vettvangsathuganir eru byggðar á áhrifavægi eftirlitsskyldra aðila ásamt niðurstöðu áhættumats en jafnframt er tekið mið af stærð, starfsemi og áhættusniði eftirlitsskyldra aðila.



## Eftirlit með vátryggingastarfsemi

Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með vátryggingafélögum sem hlotið hafa starfsleyfi samkvæmt lögum nr. 100/2016, um vátryggingastarfsemi. Annars vegar er um að ræða reglulegt eftirlit í samræmi við grunneftirlitslíkan fjármálaeftirlitsins, þar sem skilgreint er hversu oft helstu áhættuþættir í rekstri félaganna eru teknir til athugunar. Hins vegar er um að ræða sértækar athuganir eftir aðstæðum hverju sinni. Helstu áhættuþættir og þróun á markaði eru greind og fylgst náið með að starfsleyfisskilyrði séu uppfyllt, að starfshættir séu í samræmi við lög og reglur og að gripið sé til viðeigandi ráðstafana hverju sinni. Þá hefur fjármálaeftirlitið einnig eftirlit með starfsemi vátryggingamiðlara og viðskiptaháttaeftirlit með erlendum vátryggingafélögum sem hafa leyfi til að stunda viðskipti á Íslandi.

Á árinu 2021 störfuðu fjögur skaðatryggingafélög og fjögur líftryggingafélög á grundvelli starfsleyfis sem veitt var af fjármálaeftirlitinu. Að auki var eitt endurtryggingafélag sem vinnur að uppgjöri eldri skuldbindinga og Náttúruhamfaratrygging Íslands sem er ríkisstofnun og starfar á grundvelli sérlaga. Níu vátryggingamiðlanir hafa starfsleyfi frá fjármálaeftirlitinu og fjöldi vátryggingafélaga og vátryggingamiðlara á EES hafa tilkynnt um starfsemi hérlandis.

### Reglubundið eftirlit

Á árinu 2021 var lögð áhersla á stjórnarhætti, markaðs-áhættu, rekstraráhættu og vátryggingaáhættu í eftirliti á vátryggingamarkaði.

Reglubundið eftirlit með vátryggingafélögum snýr m.a. að gjaldþolsstöðu þeirra og getu til að mæta fjárhags-

legum skuldbindingum. Fjármálaeftirlitið fer yfir reglubundin gagnaskil og tekur viðtöl við forstjóra, ábyrgðaraðila lykilstarfssviða og ytri endurskoðanda. Þá metur fjármálaeftirlitið árlega þá áhættu sem snýr að rekstri váttryggingafélaga, í samræmi við *Almenn viðmið og aðferðafræði vegna eftirlitsferlis Fjármálaeftirlitsins með váttryggingafélögum*. Samstarf við Evrópsku váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunina (EIOPA) er stór hluti af starfi við reglubundið eftirlit með váttryggingafélögum, en áherslur EIOPA endurspeglast m.a. í verkáætlun fjármálaeftirlitsins auk þess sem laga- og regluverk á váttryggingamarkaði er unnið hjá EIOPA og er fylgst grannt með þeirri vinnu.

### Vettvangsathuganir

Hluti af eftirliti með váttryggingafélögum er að leggja mat á það hvort félögin fullnægi kröfum til váttryggingaskuldar. Í vettvangsathugun hjá Sjóvá-Almennum tryggingum hf. var lagt mat á áreiðanleika upplýsinga og nálgun við mat váttryggingaskuldar og aðferðir og ferli við ákvörðun hennar. Athugunin fól einnig í sér könnun á því hvort kröfur sem gerðar væru til útvistunar á starfssviði tryggingastærðfræðings væru uppfylltar.

Nýjar stafrænar lausnir eru sífellt að ryðja sér til rúms á fjármálamarkaði og þjónustuframboð eftirlitsskyldra aðila verður sífellt sjálfvirkara. Athugun var gerð hjá TM hf. (nú TM tryggingar hf.) þar sem markmiðið var að kanna hvernig utanumhaldi félagsins um „tilboð í ökutækjatrýggingar“ væri háttað og hvernig gæði úttaksgagna (e. output data) væru tryggð öllum stundum. Athugunin var því tvískipt; annars vegar úttekt á kerfis- og líkanaáhættu vörunnar og hins vegar úttekt vegna háttsemisáhættu tengdri henni. Athugunin tók einnig til upplýsingagjafar um skilmála og váttryggingar viðskiptamanna í appi TM. Niðurstöður athugunarinnar voru birtar í mars 2021 á vefsíðu Seðlabankans. Á árinu fóru einnig fram vettvangsathuganir hjá Sjóvá-Almennum tryggingum hf. og Verði tryggingum hf. er fólust í því að kanna verklag og verkferla vegna starfa framlínustarfsmanna við sölu váttrygginga til einstaklinga og hvort virkt eftirlit væri haft með störfum þeirra.

### Sértækar athuganir

Sértækar athuganir fóru fram hjá váttryggingafélögum á árinu 2021 þar sem m.a. starfsemi lykilstarfssviða var skoðuð með hliðsjón af skilyrðum laga og reglugerðar, þ. á m. regluvarsla og áhættustýring. Þá var sértæk fjárfestingarathugun framkvæmd ásamt því að kalla eftir sjálfsmati stjórnar. Einnig var gerð könnun á forsendum gjaldþolsútreikninga váttryggingafélaganna.

Var ábendingum, eftir atvikum, komið á framfæri við félögin vegna þessara athugana.

Vegna áhættu við rekstur upplýsingakerfa eftirlitsskyldra aðila ber öllum eftirlitsskyldum aðilum að skila úttekt óháðs aðila á fylgni við leiðbeinandi tilmæli nr. 1/2019. Á árinu 2021 skiluðu váttryggingafélög og váttryggingamiðlanir framangreindri úttekt og kom fjármálaeftirlitið ábendingum og athugasemdum á framfæri við félögin og miðlarana eftir atvikum.

### Álagspróf

Á árinu framkvæmdi EIOPA álagspróf á valin váttryggingafélög í Evrópu. Á Íslandi var Sjóvá-Almennar tryggingar hf. valið til að taka þátt í álagsprófinu sem byggt var á neikvæðri markaðs- og váttryggingasviðsmynd. Niðurstöður álagsprófsins sýna fram á umtalsverða næmni váttryggingafélaga í Evrópu fyrir markaðsáfallum og birti Seðlabankinn niðurstöður álagsprófsins á heimasíðu sinni í desember 2021.

### Tilkynning um virkan eignarhlut

Í maí 2021 gerðu fjármálaeftirlitið og Stoðir hf. með sér samkomulag um að ljúka máli með sátt vegna brots félagsins á 1. mgr. 58. gr. laga um váttryggingastarfsemi og 1. mgr. 40. gr. laga um fjármála fyrirtæki. Sektarfjárhæð í málinu var ákveðin 3,7 m.kr. Brotið fólst í að Stoðir hf. jók við eignarhlut sinn í TM hf. (nú TM tryggingar hf.) og eignaðist þar með virkan eignarhlut í dótturfélögum þess, án þess að tilkynna fjármálaeftirlitinu um áform sín fyrir fram. Gagnsæistilkynning vegna þessa máls var birt í maí 2021.

### Umsvif erlendra váttryggingafélaga

Váttryggingafélögum með höfuðstöðvar í öðrum ríkjum innan EES er heimilt að selja váttryggingar og endurtryggingar hér á landi í gegnum útibú eða án starfsstöðvar. Töluverður fjöldi váttryggingafélaga hefur tilkynnt um veitingu þjónustu á Íslandi án starfsstöðvar. Stærsti hluti þeirra iðgjalda sem greidd eru til erlendra váttryggingafélaga er vegna kaupa á erlendum lífeyristryggingum og öðrum líf- og heilsutryggingum. Upplýsinga um sölu váttryggingafélaga með starfsleyfi í öðrum ríkjum EES á Íslandi er aflað í gegnum EIOPA en tölur vegna árána 2020 og 2021 liggja ekki fyrir.

## Eftirlit með lífeyrissjóðum og vörsluaðilum séreignarsparnaðar

Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með lífeyrissjóðum og vörsluaðilum séreignarsparnaðar. Annars vegar er um að ræða reglulegt eftirlit í samræmi við grunneftirlitslíkan

fjármálaeftirlitsins en þar er skilgreint hversu oft helstu áhættuþættir í rekstri lífeyrissjóðanna eru teknir til athugunar. Hins vegar er um að ræða sértækar athuganir eftir aðstæðum og tilefni hverju sinni. Helstu áhættuþættir og þróun á markaði eru greind og fylgst náið með að starfsleyfisskilyrði séu uppfyllt, að starfshættir séu í samræmi við lög og reglur og að gripið sé til viðeigandi ráðstafana hverju sinni. Þá er eigið áhættumat lífeyrissjóða tekið til skoðunar og viðtöl tekin við tiltekna lykilstarfsmenn.

Á árinu 2021 var starfandi 21 lífeyrissjóður sem veitti móttöku lögbundnu iðgjaldi samtryggingardeilda og buðu 13 þeirra upp á valfrjálsan séreignarsparnað. Þá voru starfandi sjö aðrir vörsluaðilar séreignarsparnaðar með samtals 30 deildir en það eru Arion banki hf., Íslandsbanki hf., Kvika banki hf., Landsbankinn hf. og Lífsval (séreignarsparnaður fjögurra sparisjóða) auk tveggja erlendra váttryggingafélaga sem buðu upp á séreignarsparnað í sérsniðnum lífeyristryggingum.

### **Reglubundið eftirlit**

Reglubundið eftirlit með lífeyrissjóðum og vörsluaðilum séreignarsparnaðar felur í sér eftirlit með hlítingu við lög og reglur. Þá metur fjármálaeftirlitið árlega áhættu í rekstri lífeyrissjóðanna. Á árinu 2021 var sérstök áhersla lögð á stjórnarhætti, rekstraráhættu, útvistun og markaðsáhættu lífeyrissjóðanna. Farið var yfir eigið áhættumat lífeyrissjóðanna auk þess sem tekin voru viðtöl við framkvæmdastjóra, ytri og innri endurskoðanda og tryggingafræðinga þeirra.

### **Vettvangsathuganir**

Vettvangsathuganir voru gerðar hjá Eftirlaunasjóði FÍA og Íslenska lífeyrissjóðnum á árinu þar sem kannað var annars vegar fyrirkomulag og eftirlit lífeyrissjóðanna með útvistun og hins vegar hvernig áhættueftirliti sjóðanna með rekstraráhættu hjá útvistunaraðila væri háttað. Niðurstöður athugananna voru birtar á vefsíðu Seðlabankans í október 2021.

Þá var gerð vettvangsathugun hjá Lífeyrissjóði verzlunarmanna þar sem kannað var fyrirkomulag áhættustýringar og eftirlitsskerfi með þeim þáttum sem lífeyrissjóðurinn hafði skilgreint sem fjárhagslega áhættu, sbr. lög nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Niðurstöður athugunarinnar voru birtar á vef Seðlabankans í nóvember 2021.

### **Stjórnarhættir, rekstraráhætta og útvistun**

Athugun á stjórnarháttum Lífeyrissjóðs verzlunarmanna, sem hófst í september 2020, lauk með athugasemdum, ábendingum og gagnsæistilkynningu í apríl 2021. Fjármálaeftirlitið gerði einnig athugun á áhættustýringu

Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Þá var lögð sérstök áhersla á að kanna rekstraráhættu og útvistun fjögurra lífeyrissjóða sem höfðu útvistað öllum rekstri sínum til viðskiptabanka. Athugasemdum og ábendingum var komið á framfæri vegna þeirra athugana. Jafnframt kannaði fjármálaeftirlitið tilhögun og eftirlit með útvistun eignastýringar Lífeyrissjóðs Vestmannaeyja á árinu. Að auki fór fram athugun á starfsemi tryggingafræðings og innri endurskoðunar hjá Gildi lífeyrissjóði auk þess sem að kallað var eftir sjálfsmati stjórnar nokkurra sjóða á þekkingu og reynslu stjórnarmanna.

### **Tryggingafræðileg staða**

Fjármálaeftirlitið framkvæmdi einnig athuganir á tryggingafræðilegri stöðu nokkurra lífeyrissjóða á árinu og kom á framfæri athugasemdum og ábendingum eftir atvikum.

### **Fjárfestingarheimildir**

Lífeyrissjóðum og vörsluaðilum séreignarsparnaðar er skylt að senda fjármálaeftirlitinu ársfjórðungslega skýrslu um sundurliðun fjárfestingar, en við yfirferð þeirra á árinu 2021 komu í ljós brot Lífeyrissjóðs Vestmannaeyja og Íslandsbanka hf., en í báðum tilfellum var fjárfesting í verðbréfasjóði umfram heimildir laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Fjármálaeftirlitið gerði athugasemdir vegna þessara brota og fór fram á úrbætur. Niðurstöður athugananna voru birtar á vefsíðu Seðlabankans í febrúar og júní 2021.

### **Upplýsingakerfi og fleira**

Á árinu 2021 var fjármálaeftirlitið í töluverðum samskiptum við lífeyrissjóði vegna viðbúnaðar þeirra í kjölfar uppsagnar Greiðslustofu lífeyrissjóða á þjónustusamningi við Inít á tölvukerfinu Jóakim. Fjármálaeftirlitið mun áfram fylgjast grannt með framvindu mála í tengslum við þau kerfi sem lífeyrissjóðirnir nota vegna iðgjalda, lífeyrisgreiðslna og verðbréfavörslu.

Vegna áhættu við rekstur upplýsingakerfa ber öllum eftirlitsskyldum aðilum að skila úttekt óháðs aðila á fylgni við leiðbeinandi tilmæli nr. 1/2019. Á árinu 2021 skiluðu allir lífeyrissjóðir framangreindri úttekt og kom fjármálaeftirlitið ábendingum og athugasemdum á framfæri við sjóðina eftir atvikum.

Þá var einnig gerð athugun á upplýsingagjöf um skiptingu lífeyrisréttinda á milli maka hjá þremur lífeyrissjóðum á árinu 2021 (sjá umfjöllun bls. 16).

## Hæfismat og virkir eignarhlutir

### Hæfismat stjórnarmanna og framkvæmdastjóra

Fjármálaeftirlitið leggur mat á hæfi og hæfni stjórnarmanna og framkvæmdastjóra eftirlitsskyldra aðila. Hæfismatið er framkvæmt þegar stjórnarmenn og framkvæmdastjórar hefja störf hjá eftirlitsskyldum aðilum auk þess sem fjármálaeftirlitið getur tekið hæfi þeirra til endurskoðunar ef tilefni er til. Það er þó ávallt á ábyrgð eftirlitsskyldra aðila að tryggja að stjórnarmenn og framkvæmdastjórar þeirra fullnægi hæfisskilyrðum laga og reglna.

Fjármálaeftirlitið lagði mat á hæfi 94 stjórnarmanna og framkvæmdastjóra eftirlitsskyldra aðila á árinu 2021. Meginhluti hæfismatanna sneri að stjórnarmönnum. Lokið var að mestu við hæfismöt sem fresta þurfti frá fyrra ári vegna kórónuveirufaraldursins. Áfram hafði heimsfaraldurinn þó þau áhrif að ekki tókst að taka viðtöl við nokkurn fjölda stjórnarmanna og því var ekki unnt að ljúka þeim hæfismötum á árinu. Stefnit er að því að ljúka þeim á fyrri hluta ársins 2022.

Í hæfismati stjórnarmanna eru skrifleg gögn metin og í talsverðum fjölda tilfella eru stjórnarmenn jafnframt boðaðir í viðtal þar sem þekking þeirra er könnuð frekar. Við mat á því hvort stjórnarmaður skuli boðaður í viðtal er meðal annars horft til tegundar, stærðar og umfangs rekstrar hins eftirlitsskylda aðila og þess hvort vafi leiki á að hlutaðeigandi stjórnarmaður fullnægi skilyrðum laga og reglna um nægilega þekkingu, hæfni og reynslu til að geta gegnt stöðu sinni á tilhlýðilegan hátt.

Í tilfelli framkvæmdastjóra fer ávallt fram munnlegt hæfismat þar sem þekking þeirra er sérstaklega könnuð auk þess sem lagt er mat á skrifleg gögn.

Tafla 1 Hæfismöt stjórnarmanna og framkvæmdastjóra

	2021	2020	2019
Fjöldi stjórnarmanna og framkvæmdastjóra sem teknir voru í hæfismat	94	105	108
Fjöldi þeirra sem ekki stóðust hæfismat vegna ófullnægjandi þekkingar eða mættu ekki í viðtal	2	0	4

Tafla 2 Hæfismöt stjórnarmanna og framkvæmdastjóra

Tegund eftirlitsskyldra aðila	Fjöldi
Viðskiptabankar	13
Sparisjóðir	19
Lánafyrirtæki	7
Verðbréfafyrirtæki	8
Rekstrarfélög verðbréfasjóða	10
Innheimtuaðilar	1
Lífeyrissjóðir	26
Vátryggingafélög	10

### Virkir eignarhlutir

Fjármálaeftirlitið metur hæfi aðila sem hyggjast eignast virkan eignarhlut í eftirlitsskyldum aðilum. Virkur eignarhlutur er bein eða óbein hlutdeild í félagi sem nemur 10% eða meira af hlutafé, stofnfé eða atkvæðisrétti eða gerir kleift að hafa veruleg áhrif á stjórnun hlutaðeigandi félags.

Ekki var mikið um breytingar á eignarhaldi eftirlitsskyldra aðila á árinu 2021. Afgreidd var tilkynning Kviku banka hf. um virkan eignarhlut í TM tryggingum hf., TM líftryggingum hf. og Íslenskri endurtryggingu hf., sbr. lög nr. 100/2016, um vátryggingastarfsemi.

## Eftirlit með viðskiptaháttum og málefni neytenda

Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með eðlilegum og heilbrigðum viðskiptaháttum eftirlitsskyldra aðila. Slíkt eftirlit felur m.a. í sér frumkvæðisathuganir og athuganir á grundvelli ábendinga til fjármálaeftirlitsins. Þá fara einnig fram greiningar, s.s. á fjárfestingu almennra fjárfesta. Markmið eftirlitsins er að stuðla að betri framkvæmd á fjármálamarkaði og efla vernd neytenda. Undir viðskiptahætti falla m.a. hvers kyns samskipti eftirlitsskyldra aðila og viðskiptavina og hugsanlegra viðskiptavina við sölu á vörum og þjónustu, s.s. upplýsingagjöf til viðskiptavina,

ráðgjöf, gagnsæi í verðlagningu, markaðssetningu og meðhöndlun kvartana.

### Markaðssetning á samfélagsmiðlum

Gerð var athugun á markaðssetningu Íslenskra verðbréfa hf. á sjóðum í rekstri ÍV sjóða hf. á samfélagsmiðlum. Markmiðið var að kanna hvort orðalag og framsetning upplýsinga væri í samræmi við þágildandi lög nr. 128/2011, um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestingarsjóði, þágildandi lög nr. 108/2007, um verðbréfavíðskipti, og þágildandi reglugerð nr. 995/2007, um fjárfestavernd og viðskiptahætti. Gerðar voru athugasemdir við orðalag í tveimur auglýsingum

sem birtust á samfélagsmiðlum sem ekki samræmdist kröfum 14. gr. laga um verðbréfiðskipti. Niðurstöður athugunarinnar voru birtar í janúar 2021.

### Upplýsingagjöf um skiptingu lífeyrisréttinda á milli maka

Athugun á upplýsingagjöf um skiptingu lífeyrisréttinda hjá þremur lífeyrissjóðum lauk í febrúar 2021. Tekin voru til skoðunar verklag og upplýsingagjöf lífeyrissjóðanna til sjóðfélaga í tengslum við skiptingu lífeyrisréttinda á milli maka með hliðsjón af skyldum samkvæmt lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Niðurstöður athugunarinnar gáfu ekki tilefni til að gera athugasemdir við starfshætti lífeyrissjóðanna.

### Sala og markaðssetning til almennra fjárfesta

Fjármálaeftirlitið og Kvika banki hf. gerðu með sér samkomulag um sátt í apríl 2021 að fjárhæð 18 m.kr. vegna brota bankans á 2. mgr. 8. gr., 1. mgr. 14. gr., 1. mgr. 15. gr. og 1. mgr. 21. gr. þágildandi laga nr. 108/2007, um verðbréfiðskipti. Athugunin laut að því hvort bankinn hefði uppfyllt skyldur samkvæmt II. kafla laganna um fjárfestavernd og viðskiptahætti fjármálfyrirtækja. Beindist hún fyrst og fremst að skyldum bankans gagnvart almennum fjárfestum sem fjárfestu í skuldaþreftinu OSF II 18 01 sem gefið var út af OSF II ehf., dótturfélagi Kviku banka hf. Brotin fólust í því að bankinn gerði hvorki né skjalfesti greiningu á hagsmunaárekstrum með fullnægjandi hætti, veitti viðskiptavinum ekki greinargóðar upplýsingar um fjárfestingarkostinn OSF II 18 01 auk þess sem umfjöllun um fjárfestingarkostinn og aðila tengda honum uppfyllti ekki kröfur um að vera skýr, sanngjörn og ekki villandi. Þá vanrækti bankinn að uppfylla skyldur um öflun upplýsinga og veitingu ráðlegginga við framkvæmd mats á hæfi í tilvikum 30 viðskiptavina og um flokkun viðskiptavina í fimm tilvikum. Gagnsæistilkynning vegna þessa máls var birt í júní 2021.


### Skráning og varðveisla gagna

Í júní 2021 gerðu fjármálaeftirlitið og Arctica Finance hf. með sér samkomulag um sátt að fjárhæð 700 þús. kr. vegna brota félagsins á 10. gr. þágildandi laga nr. 108/2007, um verðbréfiðskipti. Í kjölfar frávikatilkynningar félagsins vegna rekstrar upplýsingakerfa þess tók fjármálaeftirlitið til athugunar hvort það hefði varðveitt móttækin viðskiptafyrirmæli frá viðskiptavinum með fullnægjandi hætti, en samkvæmt fyrrgreindu ákvæði laga um verðbréfiðskipti bar félaginu að varðveita viðskiptafyrirmæli viðskiptavina að lágmarki í fimm ár. Athugunin leiddi í ljós að verklag útvistunaraðila félagsins

hefði brugðist við uppfærslu á póst- og afritunarumhverfi sem leiddi til þess að tölvupósthólf fimm fyrrum starfsmanna þess varðveittust ekki eftir uppfærsluna í samræmi við kröfur laganna. Meðal annars var um að ræða fyrrum starfsmenn á sviði markaðsviðskipta sem sáu um framkvæmd viðskiptafyrirmæla frá viðskiptavinum. Gagnsæistilkynning vegna þessa máls var birt í júlí 2021.

### Greining á fjárfestingu almennra fjárfesta

Fjármálaeftirlitið kannar reglulega fjárfestingu almennra fjárfesta, umfang hennar og eignadreifingu. Slík athugun var gerð á árinu 2021. Könnuð var fjárfesting almennra fjárfesta á árunum 2019 og 2020. Sambærileg athugun var síðast gerð árið 2018, þar sem fjárfesting almennra fjárfesta á árinu 2017 var könnuð. Niðurstöður athugunarinnar voru birtar í greininni *Almennir fjárfestar leita í áhættusamari eignir* í Kalkofninum, vefútgáfu Seðlabanka Íslands, 9. nóvember 2021.



Athugun fjármálaeftirlitsins leiddi í ljós að áhættusækni almennra fjárfesta jókst á tímabilinu frá 2017 til loka árs 2020. Heildareign almennra fjárfesta í sérhæfðum sjóðum fyrir almenna fjárfesta hafði aukist úr 164 ma.kr. í 279 ma.kr. milli árunna 2017 og 2020. Þá hafði heildareign almennra fjárfesta í verðbréfasjóðum aukist úr 110 ma.kr. í 167 ma.kr. á sama tímabili. Heildareign í skráðum hlutabréfum hafði aukist úr tæpum 56 ma.kr. í lok árs 2017 í rúma 119 ma.kr. í lok árs 2020. Helstu skýringar á þessari aukningu er þátttaka almennings í hlutfjárútboðum. Einstaklingar sem áttu hlutabréf í árslok 2017 voru 6.926 en í lok árs 2020 áttu 16.913 einstaklingar hlutabréf.



Fjármunir almennra fjárfesta voru í auknum mæli settir í áhættusamari eignir á umræddu tímabili og þátttaka almennings á hlutabréfamarkaði jókst umtalsvert. Aukna sókn í áhættusamari fjármálagerninga má líklega skýra að einhverju leyti með lágu vaxtastigi, þar sem fjárfestar sjá sér ekki hag í að hafa fjármuni sína á bankareikningum með sögulega lága ávöxtun, en einnig með fjölbreyttari fjárfestingarkostum í formi hlutabréfa fyrirtækja sem eru í viðskiptum í kauphöll. Aukin þátttaka almennings í fjárfestingu samhliða vaxandi áhættusækni kallar á öflugt og skilvirkt eftirlit með því að eftirlitsskyldir aðilar viðhafi eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti í hvívetna í starfsemi sinni.

### Gildistaka nýrra laga

#### Lög um markaði fyrir fjármálagerninga

Á árinu 2021 tóku gildi ný lög nr. 115/2021, um markaði fyrir fjármálagerninga. Lögin, sem innleiða ákvæði MiFID 2-tilskipunarinnar og MiFIR-reglugerðina, fela í sér viðtækara gildissvið, fjölmörg nýmæli og ítarlegri kröfur til eftirlitsskyldra aðila sem falla undir þau, s.s. að því er varðar öflun upplýsinga frá viðskiptavinum og upplýsingagjöf til viðskiptavina, ráðstafanir vegna hagsmunaárekstra, vöruþróun og mat á hæfi þegar fjárfestingarráðgjöf eða eignastýringarþjónusta er veitt. Lögin leysa af hólmi þau ákvæði sem innleiddu MiFID 1-regluverkið sem var að finna í lögum nr. 108/2007, um verðbréfaviðskipti, nú lög um yfirtökur. Til viðbótar við setningu nýju laganna hafa einnig verið settar reglur Seðlabanka Íslands til innleiðingar á framseldum gerðum MiFID 2 og MiFIR, ásamt því að markaðsaðilum hefur verið tilkynnt um viðmiðunarreglur Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar (ESMA) sem settar hafa verið á grundvelli MiFID 2 og MiFIR-regluverksins þar sem ákvæði þess eru nánar útfærð.

#### Lög um lykilupplýsingaskjöl vegna tiltekinna fjárfestingarafurða fyrir almenna fjárfesta

Einnig tóku gildi á árinu ný lög nr. 55/2021, um lykilupplýsingaskjöl vegna tiltekinna fjárfestingarafurða fyrir almenna fjárfesta (PRIIPs) og reglur Seðlabanka Íslands sem innleiða framseldar gerðir PRIIPs-regluverksins. Lögin setja fram kröfur um upplýsingagjöf til almennra fjárfesta vegna pakkaðra og váttryggingatengdra fjárfestingarafurða.

#### Tímamót í eftirliti með viðskiptaháttum og málefnum neytenda

Innleiðing umfangsmikilla Evrópugerða á borð við MiFID 2, MiFIR og PRIIPs í íslensk lög kallar á gríðarmikla undirbúningsvinnu sem starfsmenn fjármálaeftirlitsins taka

ríkan þátt í og setti þessi vinna töluvert mark á starfsemi á árinu 2021. Til viðbótar við þátttöku í lagasetningarferlinu koma starfsmenn fjármálaeftirlitsins að vinnu við innleiðingu framseldra gerða í reglur Seðlabanka Íslands og innleiðingu viðmiðunarreglna evrópsku eftirlitsstofnananna á fjármálamarkaði. Þá hefur verið unnið að því að aðlaga verklag fjármálaeftirlitsins að nýrri löggjöf.

Gildistaka framangreindra laga markar ákveðin tímamót í eftirliti með viðskiptaháttum og málefnum neytenda á fjármálamarkaði, nú þegar sömu leikreglur og verið hafa í gildi um nokkra hríð á EES hafa tekið gildi á Íslandi. Þróun löggjafar sem lýtur að viðskiptaháttum á fjármálamarkaði hefur á undanförunum árum falið í sér æríkari áherslu á fjárfestavernd og neytendavernd almennt. Þá hefur löggjöf á banka-, váttrygginga- og verðbréfamarkaði tekið breytingum í átt til aukins samræmis að því er varðar tiltekna meginreglur um viðskiptahætti, þ.m.t. samskipti við neytendur, þar sem hagsmunir neytenda eru hafðir að leiðarljósi. Samræmingunni er meðal annars ætlað að auðvelda neytendum samanburð á afurðum og auka skilning þeirra á eiginleikum, kostnaði og áhættu, svo að eitthvað sé nefnt. Þá er að finna nýjar heimildir fyrir fjármálaeftirlitið í lögum nr. 115/2021, um markaði fyrir fjármálagerninga, og í lögum nr. 55/2021, um lykilupplýsingaskjöl vegna tiltekinna fjárfestingarafurða fyrir almenna fjárfesta, til að hlutast til um eiginleika og markaðssetningu, dreifingu eða sölu tiltekinna vara, þjónustu, starfsemi eða framkvæmd fyrirtækja á fjármálamarkaði (afurðaihlutun). Þessar heimildir gera það kleift að banna eða takmarka markaðssetningu, dreifingu eða sölu fjárfestingarafurða og fjármálagerninga eða samsettra innstæðna og afurðir með tiltekna eiginleika. Einnig getur fjármálaeftirlitið bannað eða takmarkað vissa tegund af fjármálastarfsemi eða framkvæmd í krafti hinna nýju heimilda. Samhliða er Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) færð heimild til afurðaihlutunar hér á landi sem getur falist í því að banna eða takmarka tímabundið markaðssetningu, dreifingu eða sölu fjármálaafurða, fjármálagerninga og samsettra innstæðna og afurðir með tiltekna eiginleika. Þá getur ESA einnig bannað eða takmarkað vissa tegund af fjármálastarfsemi eða framkvæmd.

Ströng skilyrði eru fyrir nýtingu heimildanna, en til að hægt sé að grípa til þeirra verður fjármálaeftirlitið að hafa gildar ástæður til að ætla að fjármálagerningur, samsett innstæða, fjármálastarfsemi eða framkvæmd valdi verulegum áhyggjum varðandi fjárfestavernd eða ógni eðlilegri virkni og heilbrigði fjármála- eða hrávörumarkaða eða stöðugleika fjármálakerfisins í einu eða fleiri ríkjum á EES. Í tilviki afleiðna er skilyrði að fjármálaeftirlitið telji gildar ástæður til að ætla að afleiða hafi

skaðleg áhrif á verðmyndun á undirliggjandi markaði. Þessu til viðbótar verður það skilyrði að vera uppfyllt að gildandi lög og reglur taki ekki á fullnægjandi hátt á viðkomandi áhættu og að eftirlit eða framfylgni með lögum dugi ekki til. Þá þarf nýting heimildanna að uppfylla kröfur um meðalhóf, fullnægjandi samráð þarf að hafa við lögbær yfirvöld í öðrum ríkjum á EES sem geta orðið fyrir áhrifum af nýtingu heimildanna og tryggja skal að ráðstafanirnar mismuni ekki starfsemi eða þjónustu frá öðrum ríkjum á EES.

### Ábendingar frá neytendum

Á hverju ári tekur fjármálaeftirlitið á móti fyrirspurnum, ábendingum og kvörtunum frá almenningi um viðskiptahætti eftirlitsskyldra aðila og fer drjúgur tími í að sinna upplýsinga- og leiðbeiningarhlutverki vegna þeirra. Slíkar ábendingar um viðskiptahætti eftirlitsskyldra aðila eru einnig nýttar til að greina mögulega áhættu og vandamál á markaðnum og getur það leitt til sértækra athugana fjármálaeftirlitsins. Á árinu 2021 bárust fjármálaeftirlitinu 176 erindi er vörðuðu viðskiptahætti og málefni neytenda á fjármálamarkaði. Fjármálaeftirlitið sker þó ekki úr ágreiningi á milli fyrirtækja á fjármálamarkaði og viðskiptavina þeirra.

### Upplýsingagjöf til neytenda

#### Samfélagsmiðlar og viðskipti með hlutabréf

Í febrúar 2021 var birt frétt um samfélagsmiðla og viðskipti með hlutabréf. Þar var vakin athygli á yfirlýsingu ESMA þar sem fjárfestum er bent á áhættu sem felst í því að byggja fjárfestingarákvarðanir einungis á skoðanaskiptum, óformlegum ráðleggingum og upplýsingum um fyrirhuguð viðskipti annarra á samfélagsmiðlum og viðskiptavettvöngum á netinu sem ekki eru undir eftirliti lögbærra yfirvalda.

#### Upplýsingar um stöðu NOVIS

Í sama mánuði var birt frétt með upplýsingum um stöðu NOVIS Insurance Company, NOVIS Versicherungsgesellschaft, NOVIS Compagnia di Assicurazioni, NOVIS Poistovňa a.s. (NOVIS). Tilefni fréttarinnar var úrskurður bankastjórnar Seðlabanka Slóvakíu (NBS) um áfrýjunarbeiðni NOVIS vegna ákvörðunar sem tekin var í september 2020 af hálfu NBS. Niðurstaða bankastjórnar NBS var að fella ákvörðunina úr gildi að hluta, þ.e. þann hluta sem laut að skilyrtu sölubanni. Þetta gerði NOVIS kleift að ljúka gerð nýrra váttryggingarsamninga með fjárfestingarþætti án sérstakra takmarkana. Sá hluti ákvörðunar NBS sem hélt gildi sínu eftir úrskurðinn laut að skyldu NOVIS til að fjárfesta öllum iðgjöldum gerðra váttryggingarsam-

inga í þágu váttryggingartaka í samræmi við skilmála váttryggingarsamninganna og skyldu um reglulega skýrslugjöf sem gerir NBS kleift að fylgjast náið með stöðu váttryggingafélagsins.

#### Áhætta tengd viðskiptum með sýndarfé

Í mars var birt frétt þar sem neytendur voru minntir á áhættu tengda viðskiptum með sýndarfé. Vísað var í frétt evrópsku eftirlitsstofnananna á fjármálamarkaði, EBA, EIOPA og ESMA, um sama efni. Í henni var m.a. fjallað um aukinn áhuga almennings á viðskiptum með sýndarfé og tengdar afurðir (e. crypto-assets) sem geta verið mjög áhættusöm enda fylgja þau lögmálum spákaupmennsku. Þar að auki er enn ekkert regluverk um viðskipti með sýndarfé innan EES, utan krafna í lögum nr. 140/2018, um aðgerðir gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

#### Upplýsingar um brot NOVIS

Í apríl var birt frétt um ákvörðun Seðlabanka Slóvakíu um brot NOVIS og úrbótakröfur til félagsins. Seðlabankinn birti við sama tilefni upplýsingar til neytenda í ljósi ákvörðunar Seðlabanka Slóvakíu, en NOVIS braut gegn lögbundnum skyldum sínum með því að fjárfesta ekki móttæknum iðgjöldum viðskiptavina að fullu í samræmi við skilmála váttryggingarsamninga. Í fréttinni kom fram að fjármálaeftirlitið hefði unnið náið með Seðlabanka Slóvakíu, EIOPA og öðrum lögbærum yfirvöldum á sérstökum samstarfsvettvangi þar sem fjallað hefði verið um málefni sem tengdust varúðar- og viðskiptaháttaeftirliti með starfsemi NOVIS.

#### Varð við áhættu af greiðslum gegn tilboðaflæði

Í júlí var birt frétt um yfirlýsingu ESMA þar sem varað var við áhættu af svokölluðum greiðslum gegn tilboðaflæði (e. payment for order flow, PFOF). PFOF eru greiðslur til miðlara frá þriðja aðila gegn því að beina tilboðum inn á viðskiptavettvanga viðkomandi aðila. Slíkar greiðslur valda hagsmunaárekstri milli verðbréfafyrirtækis og viðskiptavina þess þar sem það hvetur fyrirtæki til að velja viðskiptavettvang þess þriðja aðila sem greiðir hæstu greiðsluna, frekar en að velja bestu mögulegu útkomuna fyrir viðskiptavini við framkvæmd fyrirsmæla. Mat ESMA er að móttaka PFOF frá þriðja aðila stangist í flestum tilfellum á við ákvæði MiFID 2-regluverksins, sem innleitt er í íslenskan rétt með lögum nr. 115/2021, um markaði fyrir fjármálagerninga. Yfirlýsing ESMA fjallaði einnig um framkvæmd fyrirsmæla án þóknunar (e. zero-commission brokers).

## Kallað eftir upplýsingum og sjónarmiðum varðandi fjárfestavernd

Í október var birt frétt þar sem vakin var athygli á því að ESMA kallaði eftir upplýsingum og sjónarmiðum markaðsaðila og annarra haghafa varðandi nokkra þætti fjárfestaverndar á grundvelli MiFID 2 og MiFIR. Upplýsinga og sjónarmiða er aflað í tilefni vinnu við tækniráðgjöf ESMA til framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um þróun stefnu um fjárfestingu almennra fjárfesta. Í sama mánuði var birt frétt um umræðuferli hjá ESMA um tillögur til endurbóta á skýrsluskilum í tengslum við bestu framkvæmd á grundvelli MiFID 2. Tillögurnar eiga að miða að því að tryggja árangursríka og samræmda reglu- setningu og eftirlit ásamt því að efla fjárfestavernd.

## Hættur vegna fjárfestingarráðlegginga á samfélagsmiðlum

Í nóvember var birt frétt um yfirlýsingu ESMA þar sem bent var á hættur sem fylgt geta fjárfestingarráðleggingum á samfélagsmiðlum í kjölfar mikillar fjölgunar slíkra ráðlegginga. Í yfirlýsingu ESMA er tekið fram að fjárfestingarráðleggingar þurfi að uppfylla ákveðin skilyrði, s.s. að vera miðlað á hlutlægan og gagnsæjan hátt og að fjárfestir verði að geta greint uppruna upplýsinga auðveldlega og mögulega hagsmuni þeirra sem þær birta. Þá vakti Seðlabankinn athygli á nýjum lögum nr. 55/2021, um lykilupplýsingaskjöl vegna tiltekinna fjárfestingar- afurða fyrir almenna fjárfesta (PRIIPs). Í frétt sem einnig var birt í nóvember var bent á að evrópsku eftirlits- stofnanirnar á fjármálamarkaði, EBA, EIOPA og ESMA, kölluðu eftir sjónarmiðum markaðsaðila í tengslum við endurskoðun lykilupplýsingaskjals PRIIPs-löggjafarinnar. Þá birti Seðlabankinn frétt um tilkynningu EIOPA um að Seðlabanki Slóvakíu hefði ekki virt tilmæli sem stofnunin gaf bankanum í júlí 2021 um að grípa til eftirlitsaðgerða gagnvart váttryggingafélagi sem stundar starfsemi yfir landamæri frá Slóvakíu í nokkrum ríkjum innan EES.

## Eftirlit með verðbréfamarkaði

Markmið eftirlits á verðbréfamarkaði er að stuðla að því að markaðurinn sé skilvirkur og öruggur. Það er m.a. gert með viðvarandi eftirliti með upplýsinga- gjöf útgefenda verðbréfa, eftirliti með viðskiptahegðun þátttakenda á markaði, svo sem mögulegum inn- herjasvikum og markaðsmisnotkun, og með athugunum á skýrslum eftirlitsskyldra aðila til fjármálaeftirlitsins. Þá hefur fjármálaeftirlitið einnig eftirlit með starfsemi kaup- halla (einn aðili) og verðbréfamiðstöðva (tveir aðilar). Fjármálaeftirlitið tekur einnig þátt í norrænu samstarfi fjármálaeftirlita er varðar eftirlit með kauphöllum Nasdaq á Norðurlöndunum.

## Eftirlit með hegðun á markaði og viðurlagamál

Á árinu 2021 hóf fjármálaeftirlitið rannsókn á 24 málum sem komu upp á verðbréfamarkaði, þar af byggðust 15 á ábendingum frá Kauphöll Íslands. Líkt og fyrri ár vörðuð flest málanna meint innherjasvik og upplýsingaskyldu útgefenda. Af þeim málum sem tekin voru til rannsóknar var 16 lokið á árinu 2021 og líkt og fyrri ár lauk flestum málum án niðurstöðu um brot eða í 12 tilvikum. Þremur málum lauk með athugasemd og einu með kærnu til lög- reglu vegna meintrar markaðsmisnotkunar.

Til viðbótar við rannsókn viðurlagamála lauk fjár- málaeftirlitið athugun á skýrsluskilum fjögurra eftirlits- skyldra aðila vegna afleiðuviðskipta til afleiðuviðskipta- skráa á grundvelli 9. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012, um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskipta- skrár (EMIR-reglugerðin). Í tveimur tilvikum var gerð athugasemd við að verkferill fyrir skýrslugjöf var ekki til staðar.

## Vettvangsathuganir

Fjármálaeftirlitið lauk athugun á tilkynningum Landsbankans hf. um viðskipti með fjármálagerninga (TRS II-skýrsluskil). Gerð var úttekt á innra skipulagi bankans sem ætlað er að tryggja gæði tilkynninga. Enn fremur var gerð úrtakskönnun á innihaldi tilkynninga til fjármálaeftirlitsins. Athuguninni lauk án athugasemda í desember 2021.

Fjármálaeftirlitið mun áfram leggja mikla áherslu á gæði umræddra skýrslna frá eftirlitsskyldum aðilum og stefnt er að því að árlega fari fram vettvangsathuganir hjá 2-3 eftirlitsskyldum aðilum vegna þeirra.

## Skýrsluskil eftirlitsskyldra aðila

Á undanförunum árum hefur sú þróun orðið á evrópskri löggjöf að skýrsluskil eftirlitsskyldra aðila og annarra þátttakenda á verðbréfamarkaði gegna sífellt stærra hlutverki. Eftirlit fjármálaeftirlitsins með gagnaskilum fyrrgreindra aðila hefur á sama tíma þróast og er í dag eitt af forgangsverkefnum í eftirliti með verðbréfamarkað- um. Eftirlitið felst annars vegar í athugunum á gæðum gagna og skipulagi við gagnaskil og hins vegar í nýtingu móttekinna gagna þannig að eftirlit verði skilvirkara. Í samræmi við þetta hefur fjármálaeftirlitið lagt aukna áherslu á eftirlit með skýrslugjöf um verðbréfavíðskipti (svonefnd TRS-viðskiptagögn). Um er að ræða daglegar skýrslur sem fjármálafyrirtæki sem framkvæma verð- bréfavíðskipti afhenda fjármálaeftirlitinu. Þær innihalda ítarlegar upplýsingar um viðskipti með fjármálagerninga sem hafa verið teknir til viðskipta á viðskiptavettvangi eða óskað hefur verið eftir að verði teknir til viðskipta á viðskiptavettvangi og fjármálagerninga sem tengjast

þeim. Gögnin eru daglega lesin inn í sjálfvirkt verðbréfaeftirlitskerfi sem er hannað til að greina viðskiptagögn og flaggar grunsamlegum viðskiptum. Eftirlitskerfið styðst jafnframt við svokölluð ORK-gögn (e. Order Record Keeping) sem Kauphöll Íslands afhendir fjármálaeftirlitinu daglega og innihalda upplýsingar um öll kaup- og sölutilboð sem markaðsaðilar setja inn í tilboðabækur. ORK-gögnin gera eftirlitskerfi fjármálaeftirlitsins kleift að greina hegðun aðila við framsetningu tilboða á markaði. Til viðbótar er stuðst við ýmsar aðrar lögbundnar tilkynningar frá aðilum á markaði við eftirlit með viðskiptum á markaði, svo sem tilkynningar um viðskipti stjórnenda og nákominna aðila, flöggunartilkynningar, lista útgefenda yfir aðila sem búa yfir innherjaupplýsingum og tilkynningar útgefenda í miðlægum gagnagrunni.

Allt frá því að MiFID-tilskipunin var innleidd í íslenska löggjöf á árinu 2007 hafa gagnaskil vegna viðskipta verið samræmd innan EES og aukin áhersla verið lögð á að eftirlitsstjórnvöld tryggja gæði gagna sem eftirlitsskyldir aðilar standa skil á, enda ljóst að slík gögn hafa sífellt meira vægi í eftirlitsstarfsemi. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin (ESMA) og aðilar að stofnuninni hafa í sameiningu gefið það út að eftirlit með gagnagæðum á verðbréfamarkaði verði áfram eitt af áhersluatriðum í eftirliti (e. Union Strategic Supervisory Priority). Fjármálaeftirlitið leggur ríka áherslu á að eftirlitsskyldir aðilar hafi öflugt innra skipulag vegna gagnaskila og tryggi eins og kostur er gæði þeirra gagna sem afhent eru.

## Gildistaka nýrra laga

### Lög um markaði með fjármálagerninga

Með gildistöku laga nr. 115/2021, um markaði með fjármálagerninga, urðu töluverðar breytingar á lagaumhverfi verðbréfamarkaðar. Lög nr. 110/2007, um kauphallir, féllu m.a. úr gildi og voru ákvæði þeirra laga tekin upp í lög nr. 115/2021 með þeim breytingum sem fólust í MiFID 2 og MiFIR-regluverkinu. Meðal þessara breytinga eru ítarlegri kröfur um gagnsæi tilboða og viðskipta með fjármálagerninga og heimild gefin fyrir nýjum tegundum markaða fyrir fjármálagerninga.

Á grundvelli hinna nýju laga var ráðist í það umfangsmikla verkefni að afgreiða undanþágubeiðnir frá gagnsæi í aðdraganda viðskipta sem Kauphöll Íslands sótti um í samræmi við 4. og 9. gr. MiFIR. Undanþágubeiðnirnar voru 13 talsins og lutu að því að veita Kauphöllinni heimild til að undanskilja frá gagnsæiskröfum tiltekna tegundir af tilboðum sem markaðsaðilar geta notað í tilboðabókum markaðarins. Undanþágurnar eru háðar ströngum skilyrðum sem gerð eru nánari skil í framseldum reglugerðum

(ESB) 2017/587 og 2017/583. Kauphöllinni voru veittar umbeðnar undanþágur og eiga þær við um tilboð sem eru stór að umfangi samanborið við venjulega markaðsstærð, geymd í tilboðaumsýslakerfi (svokölluð ísjaktilboð) og tilboð sem parast á miðverði og fyrir umsamin viðskipti. Með því að heimila Kauphöllinni að nýta umræddar undanþágur helst því sambærilegt gagnsæi í aðdraganda viðskipta og var til staðar fyrir gildistöku laga nr. 115/2021, um markaði fyrir fjármálagerninga.

Í september 2021 skráði fjármálaeftirlitið Nasdaq First North-markað Kauphallarinnar sem vaxtarmarkað lítilla og meðalstórra fyrirtækja að undangenginni umsókn Kauphallarinnar þar að lútandi, en markaðurinn uppfyllti að mati fjármálaeftirlitsins öll nauðsynleg skilyrði sem sett eru í 58. gr. laga nr. 115/2021, um markaði fyrir fjármálagerninga. Eitt af einkennum slíkra markaða er að hið minnsta 50% útgefenda fjármálagerninga séu lítil og meðalstór fyrirtæki. Minni kröfur eru gerðar til útgefenda á slíkum markaði en á skipulegum markaði og hefðbundnu markaðstorgi fjármálagerninga. Vaxtarmörkuðum lítilla og meðalstórra fyrirtækja er ætlað að auðvelda minni aðilum að fá fjármálagerninga sína tekna til viðskipta á markaði.

### Lög um upplýsingaskyldu útgefenda verðbréfa og flöggunarskyldu

Hinn 1. maí 2021 tóku gildi lög nr. 20/2021, um upplýsingaskyldu útgefenda verðbréfa og flöggunarskyldu. Með þeim var tilskipun 2004/109/EB, sem í almennu tali er kölluð gagnsæistilskipunin, leidd í lög. Áður var ákvæði tilskipunarinnar að finna í lögum nr. 108/2007, um verðbréfavíðskipti (nú lög um yfirtökur). Með nýju lögunum nr. 20/2021 var einnig innleidd tilskipun 2013/50/ESB sem breytir gagnsæistilskipuninni, en meðal breytinga var að veittur er lengri tími fyrir útgefendur og fjárfesta til að senda frá sér flöggunartilkynningar vegna breytinga á eignarhaldi í útgefendum á markaði, ítarlegri kröfur um flagganir tengdar fjármálagerningum og nýtt sameiginlegt rafrænt skýrslusnið ársreikninga útgefenda (ESEF).

### Lög um aðgerðir gegn markaðssvikum

Hinn 1. september 2021 tóku gildi lög nr. 60/2021, um aðgerðir gegn markaðssvikum. Með löggjöfinni voru ákvæði reglugerðar (ESB) nr. 596/2014 um markaðssvik (MAR) innleidd í íslenskan rétt. Lögin leystu af hólmi ákvæði sem áður var að finna í lögum nr. 108/2007, um verðbréfavíðskipti. Innleiðing MAR í lög hafði í för með sér umtalsverða vinnu fyrir fjármálaeftirlitið sem fólst m.a. í þýðingum, uppfærslu á eyðublöðum og formum, breytingum á verklagi við eftirlit ásamt samskiptum við

markaðsaðila. Með MAR hvarf hugtakið fruminnherji úr lögum sem og rannsóknar- og tilkynningarskylda fruminnherja. Útgefendum er nú eingöngu skylt að senda fjármálaeftirlitinu innherjalista þegar óskað er sérstaklega eftir því. Í MAR eru jafnframt ný itarleg ákvæði um frestun á birtingu innherjaupplýsinga, viðskipti stjórnenda útgefenda og markaðspreifingar. Með markaðspreifingum er átt við veitingu upplýsinga, áður en tilkynnt er um viðskipti, til eins eða fleiri mögulegra fjárfesta til að kanna áhuga þeirra á mögulegum viðskiptum og skilyrði sem þau varða. Þegar markaðspreifingar eiga sér stað kann að vera nauðsynlegt að miðla innherjaupplýsingum til mögulegra fjárfesta. Ákvæðum um markaðspreifingar er því ætlað að veita aðilum sem miðla upplýsingum verndarsvæði (e. safe harbour) frá því að brjóta gegn banni við ólögumætri miðlun innherjaupplýsinga, að því tilskildu að öllum þeim kröfum sem gerðar eru til þeirra sé fylgt.

### Lög um fjárhagslegar viðmiðanir

Lög nr. 7/2021, um fjárhagslegar viðmiðanir, tóku einnig gildi á árinu, en með þeim var reglugerð (ESB) 2016/1011 (Benchmark-reglugerðin) innleidd í íslenskan rétt. Löginn leggja nýjar skyldur á aðila sem stjórna gerð fjárhagslegra viðmiðana og þá sem nýta sér slíkar viðmiðanir.

### Lýsingar og eftirlit með útboðum

Staðfesting lýsinga og eftirlit með útboðum var umfangsmikið verkefni á liðnu ári. Á árinu 2021 staðfesti fjármálaeftirlitið 27 lýsingar. Það er fjölgun um 4% frá árinu 2019 en fækkun um 21% frá árinu 2020. Fækkunin frá árinu á undan skýrist að stærstum hluta af endurnýjun lýsinga vegna nýrrar reglugerðar sem tók gildi 1. apríl 2020. 21. júlí 2020 féllu úr gildi allar lýsingar sem staðfestar höfðu verið út frá eldri reglugerð og þurftu því útgefendur að gefa út nýjar lýsingar á grundvelli nýrrar reglugerðar sem skýrir þá miklu fjölgun sem varð það ár. Af þessum 27 lýsingum á árinu 2021 voru 12 grunnlýsingar en þær voru 14 árið á undan. Níu viðaukar við lýsingu voru staðfestir á árinu og eru heldur færri en árin á undan. Endanlegir skilmálar sem fjármálaeftirlitið birti á heimasíðu sinni á árinu voru 68 talsins og hefur þeim farið fækkandi á síðustu árum.

Tafla 1 Fjöldi lýsinga og viðauka sem fjármálaeftirlitið samþykkti

	2017	2018	2019	2020	2021
Lýsingar	19	26	26	34	27
Þ.a. grunnlýsingar	9	10	9	14	12
Viðaukar	14	13	15	21	9

Stærstu verkefni ársins voru hlutabréfalýsingar Sildarvinnslunnar hf. og Íslandsbanka hf. sem voru báðar staðfestar á öðrum ársfjórðungi. Í desember 2021 tók gildi reglugerð um lágmarksupplýsingar tiltekins skjals sem birta skal vegna undanþága frá lýsingu í tengslum við yfirtöku með skiptiútboði, samruna eða uppskiptingu. Þá tóku einnig gildi reglur Seðlabankans um helstu fjárhagsupplýsingar í samantekt lýsingar verðbréfa, birtingu og flokkun lýsinga, auglýsingar verðbréfa, viðauka við lýsingu, tilkynningagáttina og tilkynningu um almennt útboð.

### Tilkynningar um skortstöður

Tilkynningar um skortstöður drógust mikið saman á milli ára. Fjármálaeftirlitinu bárust 44 slíkar tilkynningar 2021 en þær voru 163 árið á undan. Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) um að lækka tilkynningaþröskuld úr 0,2% í 0,1% af útgefnum hlutafé hafði töluverð áhrif til fjölgunar tilkynninga á árinu 2020 en af þeim 163 tilkynningum um skortstöður sem bárust það ár voru 53 á bilinu 0,1-0,2%. Á árinu 2021 voru eingöngu tvær tilkynningar á þessu bili en ákvörðunin um lækkingu á tilkynningaþröskuldinum rann út 19. mars 2021. Evrópusambandið samþykkti breytingar á reglugerð (ESB) nr. 236/2012 (skortsölu-reglugerðinni) 11. janúar 2022 um að færa þröskuldinn vegna skortstöðutilkynninga eftirleiðis niður í 0,1% af útgefnum hlutafé og tók sú breyting gildi 31. janúar 2022. Breytingin mun þó ekki hafa áhrif hér á landi fyrr en reglugerðarbreytingin verður innleidd í íslensk lög.

Þróun á fjölda skortstöðutilkynninga hefur haldist í hendur við þann hækkunarfasa sem hlutabréfamarkaðurinn hefur verið í undanfarin misseri en í töflu 2 má sjá samanburð á fjölda tilkynninga á árunum 2020 og 2021 eftir mánuðum.

Tafla 2 Tilkynningar um skortstöðu

	2020		2021	
	Heildarfjöldi	Fjöldi á bilinu 0,1-0,2%	Heildarfjöldi	Fjöldi á bilinu 0,1-0,2%
Janúar	9		2	
Febrúar	3		3	1
Mars	13	1	2	1
Apríl	20	8	5	
Máí	14	4		
Júní	20	7	2	
Júlí	9	4	3	
Ágúst	8	4	4	
September	23	8	2	
Október	20	7	9	
Nóvember	14	4	6	
Desember	10	6	6	
Samtals	163	53	44	2


## Þróun verðbréfamarkaðarins

Hlutabréfaverð hækkaði mikið á síðasta ári. Öll félög á aðalmarkaði Kauphallar Íslands hækkuðu á árinu, þar af hækkuðu níu félög um 50% eða meira. OMX10-vísitalan hækkaði um rúmlega 30% á árinu en meginuppistaða hækunarinnar kom til á fyrri hluta ársins. Tvær nýskráningar voru á aðalmarkaði: Íslandsbanki hf. og Síldarvinnslan hf. Þá voru einnig tvær nýskráningar á First North-markaði Kauphallarinnar en þar voru hlutabréf félaganna Fly Play hf. og Solid Clouds hf. tekin til viðskipta. Viðskiptum á markaði fjölgaði einnig töluvert á árinu 2021 frá árinu á undan eða um rúmlega 75%. Þau félög sem skera sig úr hvað varðar fjölda viðskipta eru Icelandair Group hf., Íslandsbanki hf. og Arion banki hf. en langflest viðskipti voru með hlutabréf í Icelandair Group hf. Á mynd 7 má sjá fjölda viðskipta á aðalmarkaði í hverju félagi fyrir sig á árunum 2020 og 2021.

Velta með hlutabréf féлага á aðalmarkaði Kauphallarinnar jókst töluvert á árinu 2021 samanborið við árið á undan eða um rúmlega 88%. Langmest var veltan með hlutabréf Arion banka hf. en hún var meiri en samhlöggð velta félaganna sem komu í næstu tveimur sætum. Áhugaverð staðreynd er að Icelandair Group hf. var sjöunda veltumesta félagið á aðalmarkaðnum en engu að síður voru langflest viðskipti með hlutabréf félagsins á árinu.

Mynd 7


Fjöldi viðskipta á aðalmarkaði Kauphallarinnar



Heimild: Nasdaq Iceland.

Mynd 8

Velta á aðalmarkaði Kauphallarinnar



Heimild: Nasdaq Iceland.

## Rammagrein 3

### Starfsleyfi og önnur leyfismál

Eitt af verkefnum fjármálaeftirlitsins er að afgreiða umsóknir fyrirtækja, og í sumum tilvikum einstaklinga, um leyfi til að starfa á fjármálamarkaði. Slík verkefni geta verið umfangsmikil og krefjast aðkomu sérfræðinga með fjölbreytta þekkingu.

Nokkuð var um breytingar tengdar starfsleyfum og öðrum leyfismálum eftirlitsskyldra aðila á árinu 2021:

- Starfsleyfi TM hf. til að stunda váttryggingastarfsemi var afturkallað eftir að félagið hafði tilkynnt um afsal á starfsleyfinu, sbr. lög nr. 100/2016, um váttryggingastarfsemi. Áður hafði váttryggingastofn TM hf. verið færður yfir til TM trygginga hf.

- Samruni Kviku banka hf., TM hf. og Lykils fjármögnunar hf. var samþykktur, sbr. lög nr. 161/2002, um fjármála-fyrirtæki, og tók bankinn þar með við öllum réttindum og skyldum félaganna. Í kjölfarið var samstæða Kviku banka hf. tilgreind sem fjármálasamsteypa á fjármálasviði, sbr. lög nr. 61/2017, um viðbótareftirlit með fjármálasamsteypum.
- Rapyd Europe hf. var veitt starfsleyfi sem rafeyrisfyrirtæki, sbr. lög nr. 17/2013, um útgáfu og meðferð rafeyris. Félagið fékk heimild til að gefa út rafeyri og veita greiðsluþjónustu. Samhliða afsalaði félagið sér starfsleyfi

sínu sem greiðslustofnun og var það því afturkallað, sbr. lög nr. 114/2021, um greiðsluþjónustu.

- Verðbréfafyrirtækin ACRO verðbréf hf. (áður Íslenskir fjárfestar hf.) og Fossar markaðir hf. fengu aukið starfsleyfi, meðal annars til að sinna eignastýringu, sbr. lög nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, og lög nr. 115/2021, um markaði fyrir fjármálagerninga.
- ÍV sjóðir hf. fékk aukið starfsleyfi til að sinna eignastýringu og fjárfestingarráðgjöf, sbr. lög nr. 116/2021, um verðbréfasjóði, og lög nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.
- Breytingar voru gerðar á starfsleyfum GAMMA Capital Management hf., Ísafoldar Capital Partners hf. og Summu Rekstrarfélags hf. Félögin afsöluðu sér leyfum sínum til að starfa sem rekstrarfélög verðbréfasjóða og voru leyfin því afturkölluð, sbr. lög nr. 116/2021, um verðbréfasjóði. Félögin hafa áfram leyfi til að starfa sem rekstraraðilar sérhæfðra sjóða, sbr. lög nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Einnig fékk Summa Rekstrarfélag hf. aukið starfsleyfi til að sinna eignastýringu og fjárfestingarráðgjöf á grundvelli sömu laga.

- A/F Rekstraraðili ehf., Frumtak Ventures ehf., Glymur eignastýring ehf., FSÍ (Framtakssjóður Íslands) GP hf. og Spakur Finance sf. voru skráð sem rekstraraðilar sérhæfðra sjóða, sbr. lög nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Jafnframt voru Fossar GP ehf. og FSÍ (Framtakssjóður Íslands) GP hf. afskráð sem rekstraraðilar sérhæfðra sjóða á grundvelli sömu laga.
- Innheimtuleyfi Rarik ohf. var fellt niður eftir að félagið hafði afsalað sér leyfinu, sbr. innheimtulög, nr. 95/2008.

#### Leyfisskyld starfsemi án leyfis

Fjármálaeftirlitið fær reglulega ábendingar vegna starfsemi fyrirtækja sem mögulega stunda leyfisskylda starfsemi án leyfis eða skráningar og hefur einnig frumkvæðisskoðanir á fyrirtækjum vegna gruns um slíkt. Á árinu 2021 var starfsemi 27 aðila til skoðunar, þar af var skoðunum á starfsemi átta aðila ólokið frá árinu 2020. Af þessum skoðunum voru 26 tilkomnar vegna frumkvæðisathugana og ein skoðun hófst vegna ábendingar. Enn er skoðun á starfsemi tveggja aðila ólokið sem stefnt er að því að ljúka á árinu 2022.

## Eftirlit með rekstrarfélögum verðbréfasjóða, verðbréfasjóðum og rekstraraðilum sérhæfðra sjóða

Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með rekstrarfélögum verðbréfasjóða, verðbréfasjóðum og rekstraraðilum sérhæfðra sjóða (sérhæfðir sjóðir fyrir almenna fjárfesta og aðrir sérhæfðir sjóðir). Lykiláhersla í slíku eftirliti snýr að því hvort umræddir sjóðir fjárfesti í samræmi við lagaheimildir og eigin reglur. Þá er einnig haft eftirlit með áhættustýringu, hagsmunaárekstrum og lausafjárstyringu sjóða sem og skyldum vörsluaðila slíkra sjóða.

Í árslok 2021 störfuðu sex rekstrarfélög verðbréfasjóða sem öll höfðu einnig fengið útgefin starfsleyfi sem rekstraraðilar sérhæfðra sjóða. Þá störfuðu þrjú félög sem hafa eingöngu starfsleyfi sem rekstraraðilar sérhæfðra sjóða. Til viðbótar störfuðu 10 aðilar sem eru skráðir sem rekstraraðilar sérhæfðra sjóða, þar af eitt verðbréfafyrirtæki.

#### Umsóknir um markaðssetningarheimild

Talsverður fjöldi umsókna um markaðssetningarheimild fyrir erlenda rekstraraðila og sérhæfðra sjóði til fagfjárfesta hér á landi barst á árinu en um er að ræða

svonefnda þriðja ríkis aðila, sem staðsettir eru utan EES. Samþykktar voru umsóknir 31 rekstraraðila og 60 sérhæfðra sjóða á nýliðnu ári. Aukin umsvif helgast af því að fjármálaeftirlitið kallaði eftir nýjum umsóknum frá öllum þeim aðilum sem áður höfðu fengið markaðssetningarheimild samkvæmt eldri lögum.

#### Samevrópsk athugun


Í *Fjármálaeftirliti 2021* kom fram að stefnt væri að því að lögbær yfirvöld aðildarríkja EES myndu árlega gera samevrópska athugun á verðbréfasjóðum og sérhæfðum sjóðum. Á vormánuðum 2021 var kostnaður og gjaldtaka verðbréfasjóða tekin til athugunar. Um var að ræða almenna athugun sem náði til tiltekinna rekstrarfélaga verðbréfasjóða hér á landi. Tilgangur athugunarinnar var að tryggja aukna samleitni í eftirliti með kostnaði og gjaldtöku innan EES, stuðla að auknu trausti fjárfesta og draga úr viðskiptakostnaði í verðbréfavíðskiptum. Markmið athugunarinnar var að kanna þau gjöld sem rekstrarfélög verðbréfasjóða krefja hlutdeildarskrteinshafa um og hvort sá kostnaður væri eðlilegur í öllum tilvikum með hliðsjón af viðeigandi ákvæðum laga, reglugerða og viðmiðunarreglna ESMA.

## Fjárfesting í sjóðum eykst

Einstaklingar tóku virkari þátt í kaupum á hlutdeildarskírteinum í sjóðum á árinu en undanfarin ár, en eign heimila<sup>1</sup> í hlutdeildarskírteinum jókst um 28% ef litið er til allra sjóða. Aukningin var mest í sérhæfðum sjóðum hjá almennum fjárfestum. Sú aukning er að mestu tilkomin vegna aukins eignarhalds heimila í hlutabréfasjóðum. Fjárfesting þeirra í hlutabréfasjóðum fór þannig úr því að vera tæplega 30 ma.kr. í byrjun árs í um 56 ma.kr. í árslok 2021, sem jafngildir tæplega 88% aukningu. Þá bættu atvinnufyrirtæki einnig við fjárfestingu sína í hlutabréfasjóðum á árinu og námu eignir þeirra í árslok tæpum 15 ma.kr. samanborið við tæplega 8 ma. kr. í árslok 2020. Eignir hlutabréfasjóða hafa því aukist talsvert á árinu sem

Mynd 9


Hlutabréfasjóðir - eigendur hlutdeildarskírteina



Heimild: Seðlabanki Íslands.

Mynd 10

Nettó innflæði í hlutabréfasjóði



Heimild: Seðlabanki Íslands.

1. Gagnasöfnun Seðlabanka Íslands á eignarhaldi þeirra fjármálagerna sem hér er um að ræða ber ekki með sér hvernig heimilin skiptast í almenna fjárfesta og fagfjárfesta skv. lögum nr. 115/2021. Í þessari umfjöllun er byggt á gögnum um einstaklinga og er þess vegna ýmist vísað til einstaklinga eða heimila í texta og myndum.

má rekja til aukins innflæðis í sjóðina svo og verðhækkana á hlutabréfamörkuðum.

## Gildistaka nýrra laga

### Lög um verðbréfasjóði

25. júní 2021 voru samþykkt ný lög um verðbréfasjóði nr. 116/2021 og tóku þau gildi 1. september. Um er að ræða ný heildarlög um verðbréfasjóði, sem líkt og fyrri lög um verðbréfasjóði (nr. 128/2011), byggja á UCITS-tilskipuninni ásamt síðari breytingum. Rétt þótti að lögin yrðu færð til samræmis við uppsetningu á lögum nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, eins og hægt var en algengt er að rekstrarfélög verðbréfasjóða séu einnig með starfsleyfi sem rekstraraðilar sérhæfðra sjóða. Breytt framsetning og minniháttar viðbætur við fyrri lög voru gerðar í þeim tilgangi að ljúka við innleiðingu UCITS-tilskipunarinnar. Þá voru einnig gerðar tilfærslur á ákvæðum úr lögum nr. 161/2002, um fjármálaafyrirtæki, að því er varðar rekstrarfélög verðbréfasjóða, svo sem um starfsleyfi.

## Eftirlit með aðgerðum gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka

Fjármálaeftirlitið sinnir áhættumiðuðu eftirliti með tilkynningarskyldum aðilum í samræmi við lög nr. 140/2018, um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Tilkynningarskyldir aðilar undir eftirliti voru 95 talsins í árslok 2021 og hafði þeim fjölgað um 13 frá árinu 2020. Í þeim hópi eru m.a. fjármálaafyrirtæki, greiðslustofnanir, rafeyrisskýrirtæki, rekstrarfélög verðbréfasjóða, rekstraraðilar sérhæfðra sjóða, líftryggingafélög, lífeyrissjóðir, gjaldreyrisskiptastöðvar, þjónustuveitendur sem bjóða viðskipti milli sýndarfjár, rafeyris og gjaldmiðla og útibú ásamt umboðs- og dreifingaraðilum erlendra fjármálastofnana hér á landi.

### Áhættumiðað eftirlit

Fjármálaeftirlitið beitir áhættumiðuðu eftirliti með aðgerðum tilkynningarskyldra aðila gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Áhættumiðað eftirlit er aðferðafræði sem felur í sér að meta hættu á peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka á fjármálamarkaði og forgangsraða eftirlitsaðgerðum í samræmi við niðurstöðu þess áhættumats. Áhættumat fer reglulega fram á öllum tilkynningarskyldum aðilum til að greina hversu líklegt það er talið að starfsemi þeirra verði nýtt til peningaþvættis eða fjármögnunar hryðjuverka. Niðurstaða greiningar á hverjum tilkynningarskyldum aðila skilar



ákveðinni áhættumatseinkunn sem ræður því í hvaða áhættuflokk hann fellur. Áhættuflokkunin stýrir hvaða eftirlitsaðgerðir eru settar á verkáætlun komandi árs fyrir hvern og einn tilkynningarskyldan aðila. Áhættumiðað eftirlit er ekki einskiptisaðgerð heldur er með reglubundnum hætti greind áhætta tengd peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka, bæði á fjármálamarkaði og hjá einstökum tilkynningarskyldum aðilum. Á grundvelli eftirlitsaðgerða er eftirfylgni og aðferðafræði fjármálaeftirlitsins endurskoðuð með tilliti til nýrra upplýsinga, þar á meðal uppfærðs áhættumats Evrópusambandsins, áhættumats ríkislögreglustjóra og nýrra krafna í lögum og reglum.

### **Framkvæmd eftirlits**

Athuganir vegna aðgerða gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka hjá tilkynningarskyldum aðilum geta verið í formi vettvangsathugana eða sértækra athugana. Slíkar athuganir geta verið þemaskoðanir þar sem sömu þættir eru kannaðir hjá mörgum aðilum. Á árinu 2021 gerði fjármálaeftirlitið fjölda athugana, bæði vettvangsathuganir sem og annars konar athuganir er vörðuðu eftirfylgni vegna athugana á áhættumati og áhættumiðuðum aðgerðum hjá tilkynningarskyldum aðilum. Á árinu hófust viðtöl við ábyrgðarmenn tilkynningarskyldra aðila með aðgerðum gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka og var fjöldi slíkra viðtala tekinn. Áhættuflokkun ræður tíðni þessara viðtala. Spurningalisti er reglulega sendur tilkynningarskyldum aðilum til að afla upplýsinga, meðal annars um viðskiptalíkan þeirra og viðskiptamenn. Svör þeirra eru nýtt við framkvæmd áhættumats. Fjármálaeftirlitið beitir auk þessa öðrum aðferðum til að minna á skyldur tilkynningarskyldra aðila eða afla upplýsinga um framkvæmd aðgerða hjá þeim. Dæmi um slíkar aðferðir eru kynningar á vegum fjármálaeftirlitsins og fyrirspurnir.

### **Vettvangsathuganir**

Í vettvangsathugunum var fylgni við lög um aðgerðir gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka athuguð hjá Íslandsbanka hf., Kvikubanka hf., Landsbankanum hf., SaltPay IIB hf., Rapyd Europe hf., Basko verslunum ehf., sem er hætt starfsemi en var umboðsaðili erlendu greiðslustofnunarinnar MoneyGram International SPRL, Íslandspósti ohf., sem er umboðsaðili erlendu greiðslustofnunarinnar Western Union Payment Services Ireland Ltd., og gjaldeyrisskiptastöðinni FX Iceland ehf. Í athugunum fólst skoðun á áhættumati á starfsemi, áhættumati á samningssamböndum og viðskiptum sem og framkvæmd áreiðanleikakannana, reglubundnu eftirliti, rannsóknar- og tilkynningarskyldu, fylgni við alþjóðlegar

þvingunaraðgerðir, eftirliti með einstaklingum í áhættuhópi vegna stjórnmalalegra tengsla og stefnu, stýringum og verkferlum.

### **Fræðsluefni og leiðbeiningar**

Í upphafi árs 2021 var gefið út *fræðsluefni um áhættumiðaðar og fyrirbyggjandi aðgerðir gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka*. Markmið fræðsluefnisins er að útskýra hvernig kröfum laga og samspili ólíkra aðgerða er ætlað að koma í veg fyrir að starfsemi tilkynningarskyldra aðila sé misnotuð til peningþvættis og fjármögnunar hryðjuverka. Fjármálaeftirlitið birti einnig á árinu lista yfir starfsheiti sem teljast til háttsettra opinberra starfa í tengslum við mat á einstaklingum sem teljast í áhættuhópi vegna stjórnmalalegra tengsla.

Þá innleiddi fjármálaeftirlitið viðmiðunarreglur Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar (EBA) um áhættuþætti vegna peningþvættis og fjármögnunar hryðjuverka. Í tengslum við innleiðinguna var haldinn kynningarfundur á viðmiðunarreglunum fyrir alla tilkynningarskylda aðila. Að auki voru innleiddar viðmiðunarreglur um innri stjórnarhætti fjármálafyrirtækja þar sem sett var fram sú krafa að tilgreina skuli aðila í framkvæmdastjórn sem ber ábyrgð á aðgerðum gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

Jafnframt voru haldnir tveir fræðslufundir um rannsóknar- og tilkynningarskyldu fyrir tilkynningarskylda aðila. Sem fyrr voru tilkynningarskyldum aðilum auk þess veittar ýmsar leiðbeiningar með óformlegri hætti.

## Viðurlagamál

### Málum sem lauk með viðurlögum á árinu 2021

Á árinu 2021 lauk fjármálaeftirlit fjórum málum með samkomulagi um sátt við málsaðila. Á sama tíma gaf ekkert mál tilefni til ákvörðunar fjármálaeftirlitsnefndar um álagningu stjórnvaldssektar vegna brots. Gagnsæstilkynningar hafa verið birtar í þeim fjórum málum sem lokið var með samkomulagi um sátt og eru þau eftirfarandi:

#### Kvika banki hf.

Í apríl 2021 gerðu fjármálaeftirlitið og Kvika banki hf. með sér samkomulag um að ljúka máli með sátt, að fjárhæð 18.000.000 kr., vegna brota félagsins á ákvæðum III. kafla laga nr. 108/2007, um verðbréfavíðskipti, í tengslum við sölu og markaðssetningu á nánar tilteknum skuldabréfaflokki.

#### Stoðir hf.

Í maí 2021 gerðu fjármálaeftirlitið og Stoðir hf. með sér samkomulag um að ljúka máli með sátt, að fjárhæð 3.700.000 kr., vegna brota félagsins á ákvæðum 1. mgr. 58. gr. laga nr. 100/2016, um váttryggingastarfsemi og 1. mgr. 40. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, með því að hafa ekki tilkynnt fyrir fram um virkan eignarhlut í TM hf. og dótturfélögum þess.

#### Arctica Finance hf.

Í júní 2021 gerðu fjármálaeftirlitið og Arctica Finance hf. með sér samkomulag um að ljúka máli með sátt, að fjárhæð 700.000 kr., vegna brota félagsins á 2. mgr. 10. gr. laga um verðbréfavíðskipti, með því að hafa ekki varðveitt móttækin víðskiptafyrirmæli frá víðskiptavinum með fullnægjandi hætti.

### Stjórnvaldssektarmál fyrir dómstólum

Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur frá 12. október 2021 í máli nr. E-6009/2020 var kröfu Fossa markaða hf. hafnað um að ógilda ákvörðun fjármálaeftirlitsins frá 10. júní 2020 um að leggja 10.500.000 kr. stjórnvaldssekt á félagið fyrir að hafa brotið 57. gr. a laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, og ákvæði reglna settum á grundvelli þess ákvæðis með því að hafa greitt starfsmönnum kaupauka án þess að hafa komið á fót kaupaukakerfi. Félagið hefur áfrýjað málinu til Landsréttar.

Með ákvörðun Hæstaréttar Íslands frá 17. febrúar 2021 í máli nr. 2020-295, var beiðni Arctica Finance hf. um leyfi til að áfrýja dómi Landsréttar frá 4. desember 2020 í máli nr. 239/2019 hafnað. Landsréttur staðfesti dóm Héraðsdóms Reykjavíkur frá 8. mars 2019 í máli nr. E-4049/2017. Með þeim dómi var fallist á að arðgreiðslur til starfsmanna Arctica Finance hf. hafi í raun verið kaupauki, en fallist var að hluta á kröfu félagsins um að ógilda ákvörðun fjármálaeftirlitsins frá 20. september 2017 um álagningu stjórnvaldssektar vegna brota félagsins á lögum og reglum um kaupaukagreiðslur til starfsmanna fjármálafyrirtækja og lækka sektarfjárhæðina. Héraðsdómur taldi að þær reglur, sem fjármálaeftirlitið studdi ákvörðun sína við fyrir tímabilið 2012-2015, hafi ekki haft næga lagastoð sem viðurlagaheimild. Héraðsdómur taldi á hinn bóginn að ákvörðun fjármálaeftirlitsins vegna árána 2016 og 2017 hafi haft næga stoð í lögum. Á grundvelli þessa var ákvörðun fjármálaeftirlitsins staðfest að hluta en fjárhæð sektar lækkuð í 24.000.000 kr.

# Helstu áherslur í verkáætlun 2022



Fjármálaeftirlitið vinnur ítarlega verkáætlun til næstu 12 mánaða í upphafi hvers árs. Sú vinna byggist meðal annars á *Stefnumarkandi áherslum við eftirlit á fjármálamarkaði 2022-2024*, nýlegu áhættumati og áherslum evrópsku eftirlitsstofnananna á fjármálamarkaði (EBA, EIOPA og ESMA). Í þessum kafla eru birtar samandregnar helstu áherslur í verkáætlun ársins 2022. Ekki er um að ræða tæmandi upptalningu á öllum verkefnum ársins.

Birting helstu áherslna í verkáætlun fjármálaeftirlitsins hefur það að markmiði að stuðla að gagnsæi um áherslur og verkefni þess. Slíkt gagnsæi gerir eftirlitskyldum aðilum kleift að taka mið af stefnu og áherslum fjármálaeftirlitsins í starfsemi sinni. Áherslurnar eru birtar með fyrirvara um breytingar enda tekur eftirlit með fjármálastarfsemi mið af nýjustu upplýsingum hverju sinni.

## Helstu áherslur 2022

### Net- og upplýsingatækniáhætta

Upplýsingatækniáhætta er vaxandi áhættuþáttur á fjármálamarkaði. Fyrirtæki á fjármálamarkaði hagnýta sér í æ ríkara mæli tæknilausnir við rekstur sinn og þjónustu við viðskiptavini. Að sama skapi hefur hætta sem stafar af netárásam vaxið að undanförunu. Eftirlitsskyldir aðilar þurfa því að huga sérstaklega að net- og upplýsingatækniáhættu og aðgerðum til að milda hana.

Fjármálaeftirlitið leggur áherslu á að eftirlitsskyldir aðilar treysti varnir sínar og styrki getu sína til að bregðast við alvarlegum atvikum. Á árinu munu fara fram athuganir hjá eftirlitsskyldum aðilum sem snúa að rekstraráhættu með áherslu á net- og upplýsingatækniáhættu.

### Viðskiptalíkön eftirlitsskyldra aðila

Í ljósi þeirra miklu tæknibreytinga sem eru að verða á fjármálamarkaði, áskorana vegna áhrifa COVID-19 og

breytinga í bæði laga- og samkeppnisumhverfi fyrirtækja á fjármálamarkaði er talin þörf á að greina og meta áhættu sem þessu fylgir fyrir viðskiptalíkön eftirlitsskyldra aðila.

Fjármálaeftirlitið mun á árinu taka út viðskiptalíkön og viðskiptastefnur fyrirtækja á fjármálamarkaði með hliðsjón af fyrirnefndum atriðum.

### Gæði útlána og ívilnanir vegna áhrifa COVID-19

Áfram verður fylgst náið með þróun útlánaáhættu á næstu misserum og því fylgt eftir að unnið sé vel og skilmerkilega úr þeim fyrirtækjalánum sem hafa verið í greiðsluhléi, þar á meðal að vel sé staðið að mati á niðurfærslum og umsjón lána í vanefndum.

### Eftirlit með aðgerðum gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka

Áfram verður lögð rík áhersla á eftirlit með áhættumiðaðri nálgun aðgerða gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka hjá tilkynningarskyldum aðilum. Lögð verður aukin áhersla á upplýsingatæknikerfi tilkynningarskyldra aðila tengd aðgerðum gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Þá er mikilvægt að horft sé til þekkingar á aðgerðum gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka þegar mat er lagt á hæfi og hæfni stjórnenda og samsetningu stjórnar.

Á árinu mun fjármálaeftirlitið gera athuganir á framfylgni við afmarkaða þætti laga um aðgerðir gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

### Lífeyrstryggingaáhætta og efndir skuldbindinga gagnvart lífeyrispegum

Aukið langlífi og lágt vaxtastig hafa áhrif á skuldbindingar lífeyrissjóða sem taka þarf tillit til með framsýnum forsendum svo að ávöxtuðum iðgjöldum sjóðfé-

laga sé deilt út með sanngjörnum hætti í samræmi við áhættu.

Áhersla verður lögð á að lífeyrissjóðir rýni forsendur og niðurstöður tryggingafræðilegra athugana í samamburði við reynslu og gangi úr skugga um að forsendur réttindaávinnslu séu rýndar svo að sjóðirnir geti staðið við skuldbindingar og ákvæði lágmarkstryggingaverndar.

### **Markaðssetning og framsetning á kostnaði fjármálagerninga**

Skortur á gagnsæi í framsetningu upplýsinga og óhóflegur kostnaður skaðar hagsmuni fjárfesta og grefur undan trausti á fjármálamarkaði. Á árinu verður lögð áhersla á að eftirlitsskyldir aðilar veiti neytendum og öðrum fjárfestum skýrar og réttar upplýsingar um kostnað vegna fjármálagerninga.

### **Vöruþróun og dreifing afurða á fjármálamarkaði**

Samræmdar reglur er varða vöruþróun og dreifingu fjármálaafurða (e. POG) hafa nú tekið gildi á fjármálamarkaði. Reglunum er ætlað að tryggja góða viðskiptahætti við sölu og markaðssetningu fjármálaafurða, m.a. að vöru sé beint til réttra aðila. Lögð verður áhersla á fylgni við reglurnar og að eftirlitsskyldir aðilar komi sér upp fullnægjandi stjórnfyrirkomulagi vegna vöruþróunar.

### **Gagnagæði á verðbréfamarkaði**

Skilvirkt og gott eftirlit á verðbréfamarkaði byggist á góðum gögnum. Líkt og undanfarin ár verður lögð áhersla á athuganir í tengslum við gæði TRS-gagna sem notuð eru í eftirliti með innherjasvikum, markaðsmisnotkun o.fl. á verðbréfamarkaði.

# Breytingar á réttarheimildum fjármálamarkaðar



Í þessum kafla er í fyrsta lagi sagt frá þeim lagabreytingum sem gerðar voru á fjármálamarkaði á árinu 2021. Í öðru lagi er sagt frá þeim breytingum sem gerðar voru á reglum og leiðbeinandi tilmælum á árinu 2021. Í þriðja lagi er greint frá væntanlegum Evrópugerðum á fjármálamarkaði sem ráðgert er að innleiða á næstu misserum.

## Lagabreytingar á árinu 2021

Seðlabanki Íslands tekur virkan þátt í að móta það regluverk sem gildir á fjármálamarkaði hér á landi, m.a. með setningu reglna og innleiðingu viðmiðunarreglna sem stafa frá evrópskum eftirlitsstofnunum á fjármálamarkaði. Þá taka eftirlitsstarfsmenn þátt í starfi nefnda og starfshópa á vegum fagráðuneyta til undirbúnings lagafrumvarpa sem gilda um starfsemi eftirlitsskyldra aðila. Fjármálaeftirlitið gegnir lykilstöðu á fjármálamarkaði varðandi vöktun, upptöku og innleiðingu tæknilegra staðla (e. technical standards), viðmiðunarreglna (e. guidelines) og tilmæla (e. recommendations) sem gefin eru út af evrópsku eftirlitsstofnunum á fjármálamarkaði. Nauðsynlegt er að fjármálaeftirlitið hafi yfirsýn yfir þær réttarheimildir sem gilda á íslenskum fjármálamörkuðum, beiti þeim og túlki og fylgist með þeim laga-breytingum sem eru í farvatninu innan EES.

Eftirfarandi lög er varða fjármálamarkað voru samþykkt á Alþingi á árinu 2021:

- Lög nr. 7/2021, um fjárhagslegar viðmiðanir.
- Lög nr. 10/2021, um breytingu á lögum um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, nr. 140/2018 (rekstraraðilar sérhæfðra sjóða).
- Lög nr. 11/2021, um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, með síðari breytingum (varnarlína um fjárfestingarbankastarfsemi).

- Lög nr. 20/2021, um upplýsingaskyldu útgefenda verðbréfa og flöggunarskyldu.
- Lög nr. 38/2021, um breytingu á lögum um skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja, nr. 70/2020 (forgangsröð krafna við skila- og slitameðferð).
- Lög nr. 44/2021, um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki (innleiðing, endurbótaáætlanir).
- Lög nr. 55/2021, um lykilupplýsingaskjöl vegna tiltekinnna fjárfestingarafurða fyrir almenna fjárfesta.
- Lög nr. 56/2021, um breytingu á lögum um afleiðuviðskipti, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár, nr. 15/2018 (dregið úr reglubyrði).
- Lög nr. 60/2021, um aðgerðir gegn markaðssvikum.
- Lög nr. 68/2021, um breytingu á lögum um fasteignalán til neytenda (hámark greiðslubyrðar, undanþágur o.fl.).
- Lög nr. 82/2021, um breytingu á ýmsum lögum á váttryggingamarkaði og bankamarkaði.
- Lög nr. 114/2021, um greiðsluþjónustu.
- Lög nr. 115/2021, um markaði fyrir fjármálagerninga.
- Lög nr. 116/2021, um verðbréfasjóði.
- Lög nr. 134/2021, um breytingu á lögum um fjárhagslegar viðmiðanir og lögum um lykilupplýsingaskjöl vegna tiltekinnna fjárfestingarafurða fyrir almenna fjárfesta (vísitölur á fjármálamarkaði og upplýsingagjöf til fjárfesta).

## Setning reglna og leiðbeinandi tilmæla á árinu 2021

### Reglur

Á árinu 2021 setti Seðlabanki Íslands eftirfarandi reglur sem varða fjármálaeftirlit, m.a. til að innleiða tæknilega staðla evrópsku eftirlitsstofnananna á fjármálamarkaði:

- Reglur nr. 376/2021 um form og efni lýsinga á samningum fjármálafyrirtækja um fjárstuðning innan samstæðu.
- Reglur nr. 377/2021 um verðbréfauppgjör og verðbréfamiðstöðvar.
- Reglur nr. 378/2021 um sniðmát fyrir gagnaskil váttryggingafélaga og váttryggingasamstæðna. Féllu úr gildi við gildistöku reglna nr. 1114/2021 um sama efni.
- Reglur nr. 499/2021 um eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti fjármálafyrirtækja, greiðslustofnana, rafeyrisfyrirtækja og rekstraraðila sérhæfðra sjóða.
- Reglur nr. 665/2021 um gagnaskil fjármálafyrirtækja. Féllu úr gildi við gildistöku reglna nr. 751/2021 um sama efni.
- Reglur nr. 666/2021 um gildistöku reglugerða Evrópusambandsins varðandi tæknilega staðla um skilameðferð og endurbótaáætlanir lánastofnana og verðbréfafyrirtækja.
- Reglur nr. 727/2021 um lausafjánhættu lánastofnana.
- Reglur nr. 750/2021 um hlutfall stöðugrar fjármögnunar lánastofnana.
- Reglur nr. 751/2021 um gagnaskil fjármálafyrirtækja.
- Reglur nr. 752/2021 um fjárhagslegar viðmiðanir.
- Reglur nr. 765/2021 um afleiðuviðskipti þar sem íslensk króna er tilgreind í samningi gagnvart erlendum gjaldmiðli.
- Reglur nr. 778/2021 um hámark veðsetningarhlutfalls fasteignalána til neytenda.
- Reglur nr. 1076/2021 um sveiflujöfnunarauka á fjármálafyrirtæki.
- Reglur nr. 1077/2021 um hámark greiðslubyrðar fasteignalána í hlutfalli við tekjur neytenda. Féllu úr gildi við gildistöku reglna nr. 1268/2021 um sama efni.
- Reglur nr. 1081/2021 um afmörkun á kerfislega mikilvægu fjármálafyrirtæki á alþjóðavísu.
- Reglur nr. 1082/2021 um innri aðferðir við útreikning á eiginfjárkröfum fjármálafyrirtækja.
- Reglur nr. 1083/2021 um markaðsáhættu fjármálafyrirtækja.
- Reglur nr. 1084/2021 um verklag og form fyrir samráð eftirlitsstjórnvalda við mat á hæfi aðila til að fara með virka eignarhluti í lánastofnunum.
- Reglur nr. 1085/2021 um upplýsingaskyldu fjármálafyrirtækja. Féllu úr gildi við gildistöku reglna nr. 1460/2021 um sama efni.
- Reglur nr. 1086/2021 um útlánaáhættu fjármálafyrirtækja.
- Reglur nr. 1087/2021 um vörpun lánshæfismats við útreikning á eiginfjárkröfum vegna útlánaáhættu og verðbréfunar.
- Reglur nr. 1088/2021 um beitingu útreikningsaðferða fyrir eiginfjárkröfur fjármálasamsteypa.
- Reglur nr. 1111/2021 um ferla og sniðmát fyrir sendingu upplýsinga til ESMA.
- Reglur nr. 1112/2021 um samningu og miðlun lykilupplýsingaskjals fyrir almenna fjárfesta. Reglurnar féllu úr gildi við gildistöku reglna nr. 145/2022 um sama efni.
- Reglur nr. 1113/2021 um staðalfrávik í tengslum við sveiflujöfnun vegna heilsutrygginga.
- Reglur nr. 1114/2021 um sniðmát fyrir gagnaskil váttryggingafélaga og váttryggingasamstæðna.
- Reglur nr. 1115/2021 um verklag, framsetningu og sniðmát fyrir skýrslu váttryggingafélaga um gjaldþol og fjárhagslega stöðu.
- Reglur nr. 1220/2021 um sterka sannvottun viðskiptavina og almenna og örugga opna staðla vegna samskipta í greiðsluþjónustu.
- Reglur nr. 1262/2021 um upplýsingagjöf varðandi skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja.
- Reglur nr. 1268/2021 um hámark greiðslubyrðar fasteignalána í hlutfalli við tekjur neytenda.
- Reglur nr. 1410/2021 um skilgreiningar á og samræmingu viðbótareftirlits með samþjöppun áhættu og viðskiptum innan samstæðu.
- Reglur nr. 1411/2021 um staðlað form fyrir framsetningu upplýsingaskjals vegna skaðatryggingar.
- Reglur nr. 1420/2021 um skipulagskröfur verðbréfafyrirtækja og upplýsingagjöf vegna virks eignarhlutar.
- Reglur nr. 1421/2021 um skipulagskröfur fyrir viðskiptavettvanga.
- Reglur nr. 1422/2021 um gagnsæiskröfur á mörkuðum fyrir fjármálagerninga.
- Reglur nr. 1423/2021 um starfsleyfi, skipulagskröfur og kröfur til birtingar viðskiptaupplýsinga fyrir veitendur gagnaskýrsluþjónustu á fjármálamarkaði.
- Reglur nr. 1424/2021 um umgjörð viðskipta með fjármálagerninga.
- Reglur nr. 1425/2021 um beitingu stöðutakmarkana á hrávöruafleiður og óbeint stöðustofnunarfyrirkomulag.
- Reglur nr. 1460/2021 um upplýsingaskyldu fjármálafyrirtækja.
- Reglur nr. 1470/2021 um upplýsingaskyldu útgefenda verðbréfa.
- Reglur nr. 1500/2021 varðandi samræmdar forsendur staðalreglunnar við útreikning gjaldþolskröfu váttryggingafélaga.
- Reglur nr. 1501/2021 varðandi útreikning á váttryggingaskuld og kjarnagjaldþoli með viðmiðunardagsetningar frá 30. september 2020 til 29. september 2021.

- Reglur nr. 1590/2021 um helstu fjárhagsupplýsingar í samantekt lýsingar verðbréfa, birtingu og flokkun lýsinga, auglýsingar verðbréfa, viðauka við lýsingu, tilkynningagáttina og tilkynningu um almennt útboð.
- Reglur nr. 1591/2021 um verðbréfauppgjör og verðbréfamiðstöðvar.
- Reglur nr. 1592/2021 um takmörkun á stöðutöku viðskiptabanka og sparisjóða.
- Reglur nr. 1625/2021 um breytingu á reglum nr. 335/2015 um ársreikninga lífeyrissjóða.
- Reglur nr. 1626/2021 um aðgerðir gegn markaðs-svikum.
- Reglur nr. 1733/2021 um framkvæmd skilavalds Seðlabanka Íslands.

### Leiðbeinandi tilmæli

Fjármálaeftirlitið gaf ekki út ný leiðbeinandi tilmæli á árinu.

### Viðmiðunarreglur

Nokkur fjöldi EES-viðmiðunarreglna (e. guidelines) var tekinn upp hjá fjármálaeftirlitinu á árinu. Um er að ræða viðmiðunarreglur sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin (EBA), Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin (EIOPA) og Evrópska verðbréfamarkaðs-eftirlitsstofnunin (ESMA) gefa út að eigin frumkvæði, sbr. heimild í 16. gr. reglugerða um að koma á fót evrópsku eftirlitsstofnununum nr. 1093-1095/2010, sem innleiddar hafa verið í lög nr. 24/2017, um evrópsk eftirlitskerfi á fjármálamarkaði. Þessar viðmiðunarreglur eru ekki teknar upp í leiðbeinandi tilmæli fjármálaeftirlitsins heldur er sá háttur hafður á að birt er dreifibréf um efni viðmiðunarreglnanna og slóð á enska útgáfu þeirra á vefsíðu Seðlabankans. Tilgangur viðmiðunarreglnanna er að koma á samræmdri, árangursríkri og skilvirkri eftirlitsframkvæmd innan evrópska fjármálaeftirlitskerfisins og að tryggja sameiginlega, einsleita og samræmda beitingu á löggjöf Evrópusambandsins. Fjármálaeftirlitið byggir því á viðmiðunarreglunum við framkvæmd eftirlits.

## Væntanleg ný löggjöf á fjármálamarkaði

Í þessum kafla er greint frá helstu tilskipunum og reglugerðum á evrópskum fjármálamarkaði sem verið er að innleiða eða til stendur að innleiða í íslenskan rétt á árinu 2022. Sérfræðingar Seðlabanka Íslands koma að þessari innleiðingu með ýmsum hætti svo sem með samstarfi við ráðuneyti, útgáfu reglna og leiðbeinandi tilmæla og upptöku viðmiðunarreglna.

### Evrópskir áhættufjármagnssjóðir (EuVECA)

Með innleiðingu reglugerðar (ESB) nr. 345/2013 um evrópska áhættufjármagnssjóði (EuVECA) verður rekstraraðilum sérhæfðra sjóða (AIFM) heimilað að bjóða upp á evrópska áhættufjármagnssjóði. Markmiðið með reglugerðinni er einkum að auka aðgengi lítilla og meðalstórra fyrirtækja að fjármögnun og stuðla þannig að aukinni nýsköpun og frumkvöðlastarfi. Frumvarp til að innleiða gerðina hefur verið lagt fram á Alþingi.

### Evrópskir félagslegir framtakssjóðir (EuSEF)

Með innleiðingu reglugerðar (ESB) nr. 346/2013 um evrópska félagslega framtakssjóði (EuSEF) verður rekstraraðilum sérhæfðra sjóða (AIFM) heimilað að bjóða upp á evrópska félagslega framtakssjóði. Markmiðið með reglugerðinni er einkum að auka aðgengi fyrirtækja, sem hafa samfélagsleg markmið að leiðarljósi, að fjármagni þannig að slík fyrirtæki geti haft jákvæð áhrif á samfélagið með nýsköpun sinni og frumkvöðlastarfi. Frumvarp til að innleiða gerðina hefur verið lagt fram á Alþingi.

### Evrópskir langtímafjárfestingarsjóðir (ELTIF)

Með innleiðingu reglugerðar (ESB) 2015/760 um evrópska langtímafjárfestingarsjóði (ELTIF) verður rekstraraðilum sérhæfðra sjóða (AIFM) heimilað að bjóða upp á langtímafjárfestingarsjóði. Markmiðið með reglugerðinni er að auka fjárfestingu í ýmsum innviðaverkefnum, t.d. á sviði samgangna, orku eða menntunar. Með því að veita fjármunum til slíkra verkefna eru ELTIF-sjóðir sagðir stuðla að fjármögnun á raunhagkerfi EES. Fyrirhugað er að leggja fram frumvarp til innleiðingar á gerðinni á vorþingi 2022.

### Peningamarkaðssjóðir (MMF)

Reglugerð (ESB) 2017/1131 um peningamarkaðssjóði (MMF) mun gilda um alla sjóði um sameiginlega fjárfestingu, hvort sem um er að ræða verðbréfasjóði eða sérhæfðra sjóði. Helstu markmið reglugerðarinnar eru að koma á samræmdum reglum til að tryggja öryggi og áreiðanleika peningamarkaðssjóða, hlúa að skilvirkni peningamarkaðarins og tryggja jafnræði fjárfesta. Fyrirhugað er að leggja fram frumvarp til innleiðingar á gerðinni á vorþingi 2022.

### Tilskipun um greiðslureikninga (PAD)

Tilskipun 2014/92/ESB um greiðslureikninga (PAD) tekur til samanburðar gjalda er varða greiðslureikninga, skipti á greiðslureikningum og aðgengi að almennum greiðslureikningum. Markmið tilskipunarinnar er að stuðla að gagnsæi og samkeppni, auðvelda samanburð á gjöldum og skipti á greiðslureikningum sem og að styðja við skil-

virkan og snurðulausan fjárhagslegan hreyfanleika neytenda. Frumvarp til innleiðingar á gerðinni hefur verið lagt fram á Alþingi.

### **Breyting á lýsingarreglugerðinni (EU Recovery prospectus)**

Reglugerð (ESB) 2021/337 breytir lýsingarreglugerðinni til að auðvelda útgefendum, aðilum í fjármálaþjónustu og mörkuðum að takast á við efnahagslegar afleiðingar COVID-19. Reglugerðin léttir tímabundið á ýmsum kröfum sem gerðar eru til þessara aðila, m.a. með svokölluðum „EU Recovery prospectus“. Fyrirhugað er að leggja fram frumvarp til innleiðingar á gerðinni á vorþingi 2022.

### **COVID-breyting (MiFID 2)**

Tilskipun (ESB) 2021/338 er ætlað að létta á kröfum um viðbrögð við COVID-19-faraldrinum. Hún breytir MiFID II að því er varðar upplýsingagjöf, vörupróun og hámarks á stöður og tilskipunum 2013/36/ESB (CRD IV) og (ESB) 2019/878 að því er varðar gildissvið þeirra fyrir verðbréfafyrirtæki. Gerðin var að hluta til innleidd með lögum nr. 115/2021 en gert er ráð fyrir að innleiða það sem eftir stendur af ákvæðum gerðarinnar á árinu 2022. Fyrirhugað er að leggja fram frumvarp til innleiðingar á gerðinni á vorþingi 2022.

### **Bankatilskipun og -reglugerð (CRD og CRR)**

Tilskipun 2013/36/ESB (CRD IV) og reglugerð (ESB) nr. 575/2013 (CRR) mynda saman CRD IV-regluverkið. Meginefni CRD IV eru auknar kröfur til fjármálafyrirtækja um eigið fé og laust fé í samræmi við alþjóðlega Basel III-staðalinn. Ákvæði CRR voru innleidd í lög hér á landi árið 2016 og hefur íslensk löggjöf verið löguð að ákvæðum CRD IV í áföngum á síðustu árum. Fjármála- og efnahagsráðuneytið hefur, í samvinnu við Seðlabankann, unnið að frumvarpi til að ljúka innleiðingu CRD IV-regluverksins með breytingu á lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki. Með lögfestingu frumvarpsins verður lokið við innleiðingu CRD og CRR, með þeim aðlögunum sem hafa verið teknar upp í EES-samninginn. Meðal helstu breytinga eru auknar eftirlitsheimildir fjármálaeftirlitsins, nánari ákvæði um stjórnarhætti fjármálafyrirtækja (m.a. um skyldu kerfislega mikilvægra fjármálafyrirtækja til þess að starfrækja tilnefningarnefnd og starfskjaranefnd og ákvæði um kaupauka) og nánari ákvæði um sveiflufjöfnunarauka. Enn fremur hækkar hámark eiginfjáruka fyrir kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki á landsvísi úr 2% í 3%. Þá er CRR fest í lög um fjármálafyrirtæki en meginefni reglugerðarinnar var innleitt með reglugerð á sínum tíma. Fyrirhugað er að leggja fram frumvarp til að ljúka innleiðingu CRD IV-regluverksins á vorþingi 2022.

### **Tilskipun um endurreisn og skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja (BRRD og BRRD II)**

Tilskipun 2014/59/ESB (BRRD) hefur verið innleidd hér á landi, sbr. lög nr. 70/2020, um skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja, að undanskildum ákvæðum sem varða fjármögnun og lánamál skilasjóðs. Fyrirhugað er að leggja fram frumvarp á vorþingi 2022 sem ætlað er að innleiða eftirstandandi ákvæði í tilskipuninni og ákvarða hvernig staðið verður að fjármögnun skilasjóðs. Árið 2019 samþykkti ESB breytingar á BRRD með tilskipun (ESB) 2019/879 (BRRD II) þar sem ný aðferðafræði vegna MREL hefur verið mótuð. Unnið er að upptöku BRRD II í EES-samninginn. Fyrirhugað er að leggja fram frumvarp til innleiðingar á gerðinni á haustþingi 2022.

### **Dreifing sjóða um sameiginlega fjárfestingu yfir landamæri (Cross-border distribution of funds)**

Með innleiðingu reglugerðar (ESB) 2019/1156 og tilskipunar (ESB) 2019/1160 um að greiða fyrir dreifingu sjóða um sameiginlega fjárfestingu yfir landamæri (e. cross-border distribution of funds) verða íslenskar lagareglur varðandi rekstur og markaðssetningu verðbréfasjóða og sérhæfðra sjóða þvert yfir landamæri samræmdar við löggjöf Evrópusambandsins. Reglugerð (ESB) 2019/1156 breytir EuVECA- og EuSEF-reglugerðunum og tilskipun (ESB) 2019/1160 breytir AIFMD- og UCITS-tilskipununum. Markmiðið með breytingunum er m.a. að auka gagnsæi fyrir fjárfesta, samræma kostnað sjóða vegna dreifingar yfir landamæri og samræma skilgreiningu á formarkaðssetningu (e. pre-marketing). Fyrirhugað er að leggja fram frumvarp til innleiðingar á gerðinni á haustþingi 2022.

### **Reglugerð um samevrópskt séreignarsparnaðarkerfi (PEPP)**

Reglugerð (ESB) 2019/1238 um samevrópskt séreignarsparnaðarkerfi (PEPP) felur í sér nýja valfrjálsa tegund lífeyrissparnaðar sem neytendum innan EES mun standa til boða. Með reglugerðinni er lagður grunnur að samevrópskum persónulegum sparnaði þar sem tryggðir eru staðlaðir grunneiginleikar afurðarinnar eins og kröfur um gagnsæi, fjárfestingarreglur, réttur til að skipta um vöru og tegund fjárfestingarkosta. Þannig er tryggð rík neytendavernd sem gefur á sama tíma nægjanlegan sveigjanleika fyrir þá sem bjóða afurðina til að geta sérsniðið hana að eigin viðskiptalíkani. Fyrirhugað er að leggja fram frumvarp til innleiðingar á gerðinni á haustþingi 2022.



### **Reglugerð um fjármögnunarviðskipti með verðbréf og endurnotkun (SFTR)**

Reglugerð (ESB) 2015/2365 um fjármögnunarviðskipti með verðbréf og endurnotkun (SFTR) er ætlað að minnka kerfisbundna áhættu vegna fjármögnunarviðskipta með því að auka gagnsæi í slíkum viðskiptum, jafna samkeppni og alþjóðlega samleitni og styrkja eftirlit. Samkvæmt reglugerðinni verða upplýsingar um fjármögnunarviðskipti allra markaðsaðila með verðbréf skráðar í viðskiptaskrá, hvort sem þeir eru fjármálafyrirtæki eða ekki. Þar er meðal annars um að ræða upplýsingar um hvenær viðskiptin eiga sér stað, samsetningu veðtrygginga, hvort veðtryggingin sé aðgengileg til endurnotkunar eða hvort hún hafi verið endurnotuð, notkun staðgönguveðtrygginga í lok hvers dags og frádragið sem er notað. Einnig verður kveðið á um samstarf eftirlitsaðila í aðildarríkjum svo að þeir hafi yfirlit yfir áhættu vegna fjármögnunarviðskipta með verðbréf og upplýsingaskipti þeirra vegna þess. Fyrirhugað er að leggja fram frumvarp til innleiðingar á gerðinni á haustþingi 2022.

### **Upplýsingagjöf tengd sjálfbærni á fjármálamarkaði (Transparency)**

Reglugerð (ESB) 2019/2088 um upplýsingagjöf tengda sjálfbærni á fjármálamarkaði (Transparency) inniheldur samræmdar reglur fyrir aðila á fjármálamarkaði, til að mynda váttryggingafélög, fjármálafyrirtæki og rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Í henni er m.a. mælt fyrir um þær kröfur að aðilar birti á heimasíðu sinni upplýsingar um hvernig þeir taki tillit til áhættu sem tengist sjálfbærni í áhættustýringu sinni og hvernig þeir meti áhrif á sjálfbærni. Fyrirhugað er að leggja fram frumvarp til innleiðingar á gerðinni á haustþingi 2022.

### **Flokkunarkerfi til að greiða fyrir sjálfbærri fjárfestingu (Taxonomy)**

Með setningu reglugerðar (ESB) 2020/852 um flokkunarkerfi (e. taxonomy) til að greiða fyrir sjálfbærri fjárfestingu var tekið mikilvægt skref í þá átt að draga úr líkum á grænþvotti (e. greenwashing) og auðvelda fjárfestum að átta sig á þeim forsendum sem búa að baki flokkun á vörum sem markaðssettar eru sem grænar eða sjálfbærar. Þá samræmir reglugerðin hugtakanotkun og túlkunarreglur um hvað teljist til sjálfbærrar fjárfestingar. Fyrirhugað er að leggja fram frumvarp til innleiðingar á gerðinni á haustþingi 2022.

### **Tilskipun og reglugerð um varúðareftirlit með verðbréfafyrirtækjum (IFD og IFR)**

Í tilskipun (ESB) 2019/2034 og reglugerð (ESB) 2019/2033 um varúðareftirlit með verðbréfafyrirtækjum

(IFD og IFR) eru settar fram samræmdar kröfur til varúðareftirlits með verðbréfafyrirtækjum sem falla undir MiFID 2. Gerðirnar hafa að geyma kröfur um lágmarksstofnfé verðbréfafyrirtækja, þær heimildir og tæki sem eftirlitsstjórnvöld skulu hafa til eftirlits með verðbréfafyrirtækjum og þær upplýsingar sem eftirlitsstjórnvöld skulu birta. Fyrirhugað er að leggja fram frumvarp til innleiðingar á gerðinni á haustþingi 2022.

### **Vaxtarmarkaðir (SME growth markets)**

Reglugerð (ESB) 2019/2115 breytir reglugerð (ESB) nr. 596/2014 (MAR) og lýsingarreglugerðinni (ESB) 2017/1129 til að hvetja til þess að verðbréf séu skráð á vaxtarmarkaði (e. SME Growth Markets). Breytingarnar á MAR fela í sér að vægari kröfur eru gerðar varðandi innherjaupplýsingar og innherjalista og breytingarnar á lýsingarreglugerðinni fela í sér vægari kröfur til upplýsinga í lýsingum. Fyrirhugað er að leggja fram frumvarp til innleiðingar á gerðinni á haustþingi 2022.

### **OTC-afleiður, miðlægir mótaðilar og afleiðuviðskiptaskrár (EMIR 2.2. CCP)**

Reglugerð (ESB) 2019/2099 er hluti af endurskoðun á regluverkinu um afleiðuviðskipti og breytir reglugerð (ESB) nr. 648/2012 (EMIR) með það að markmiði að styrkja eftirlit með miðlægum mótaðilum (CCPs).

### **Tilskipun um sértryggð skuldabréf (Covered bonds)**

Tilskipun (ESB) 2019/2162 er ætlað að styrkja fjárfestavernd með því að koma á samræmdum lágmarkskröfum, einkum varðandi skilgreiningar og staðla fyrir sértryggð skuldabréf sem gefin eru út af lánastofnunum. Reglurnar taka til þess hvernig skuldabréfin eru gefin út, samsett, hvernig eftirliti með þeim er háttað og hvernig þau eru kynnt.

### **Endurskoðun á stofnreglugerðum EBA, EIOPA, ESMA og ESRB**

Með reglugerð (ESB) 2019/2175 voru gerðar breytingar á ESAs-reglugerðunum sem setja á fót evrópsku eftirlitsstofnanirnar EBA, EIOPA og ESMA. Breytingar voru gerðar á stjórnskipulagi stofnananna ásamt því að ESMA var falið beint eftirlit (e. direct supervision) með ákveðnum fjárhagslegum viðmiðunum (e. EU critical benchmarks) og stjórnendum þeirra og veitendum gagnaskýrsluþjónustu (e. data service providers) samkvæmt MiFID 2/MiFIR-regluverkinu. Að því er EES-EFTA-ríkin varðar mun eftirlitið verða í höndum Eftirlitsstofnunar EFTA. Einnig voru m.a. gerðar breytingar til að stuðla að samleitni í eftirliti (e. supervisory convergence) og bættri fjárfestavernd. Með reglugerð (ESB) 2019/2176

voru gerðar ýmsar breytingar á reglugerð (ESB) nr. 1092/2010 sem setur á fót Evrópska kerfisáætturáðið (ESRB). Sérstaklega er vert að nefna að gerð er breyting á ákvæðum gerðarinnar varðandi þátttöku ríkja utan ESB í starfsemi ráðsins sem opnar fyrir að EES-EFTA-ríkin fái fulla aðild að ráðinu án atkvæðisréttar eins og þau hafa núna hjá EBA, EIOPA og ESMA.

**Tilfærsla á eftirliti með veitendum gagnaskýrsluþjónustu**  
Tilskipun (ESB) 2019/2177 um tilfærslu á eftirliti með veitendum gagnaskýrsluþjónustu breytir MiFID II-tilskipuninni 2014/65/ESB, Solvency II-tilskipuninni 2009/138/EB og peningaþvættistilskipuninni (ESB) 2015/849 og færir eftirlit með veitendum gagnaskýrsluþjónustu til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar (ESMA). Að því er varðar EES-EFTA-ríkin, Ísland, Liechtenstein og Noreg, verður eftirlitið aftur á móti í höndum Eftirlitsstofnunar EFTA.

#### **Reglugerð um umgjörð fyrir einfalda, gagnsæja og staðlaða verðbréfun (STS)**

Með reglugerð (ESB) 2017/2402 um umgjörð fyrir einfalda, gagnsæja og staðlaða verðbréfun (STS) er skilgreind almenn umgjörð fyrir verðbréfun og að auki komið á sértækri umgjörð fyrir einfalda, gagnsæja og staðlaða verðbréfun (STS). Gerðir á hinum ýmsu mörkuðum eins og CRR, Solvency II og MMF vísa í reglur STS varðandi verðbréfun og eru m.a. ákvæði um verðbréfun flutt úr CRR og yfir í STS-gerðina. Einnig breytir STS-gerðin CRR að því er varðar varfærnisröfufur, m.a. að því er varðar áhættulíkön og eiginfjárlutföll. Reglugerð (ESB) 2021/557 gerir breytingar á reglugerð (ESB) 2017/2402 til að styðja efnahagsbata eftir COVID-19-faraldurinn. Er STS-regluverkið víkkað út þannig að það taki til fleiri tegunda verðbréfa og auðveldara sé að verðbréfa útlán sem eru í óskilum (e. non-performing exposures).

# Viðaukar

## 1 Fjöldi aðila undir eftirliti við árslok 2021

Tafla 1 Fjöldi eftirlitsskyldra aðila við árslok

Flokkar aðila undir eftirliti í lok hvers árs	31.12.2016	31.12.2017	31.12.2018	31.12.2019	31.12.2020	31.12.2021
Starfsleyfisskyldir eða starfa skv. sérlögum:						
Viðskiptabankar	4	4	4	4	4	4
Sparisjóðir	4	4	4	4	4	4
Lánafyrirtæki	5	5	5	5	4	3
Íbúðalánasjóður	1	1	1	0	0	0
Innlánsdeildir samvinnufélaga	1	1	0	0	0	0
Verðbréfafyrirtæki	10	9	9	9	9	9
Rekstrarfélög verðbréfasjóða	10	10	9	9	9	6
Rekstraraðilar sérhæfðra sjóða <sup>1</sup>	0	0	0	0	16	19
Kauphallir	1	1	1	1	1	1
Verðbréfamistöðvar	1	2	2	2	1	1
Lífeyrissjóðir <sup>2</sup>	25	22	21	21	21	21
Vátryggingafélög	12	11	11	11	11	10
Vátryggingamiðlanir	9	9	7	8	9	9
Innheimtuaðilar	8	7	8	8	9	8
Greiðslustofnanir	1	1	1	1	2	1
Rafeyrisfyrirtæki	0	0	0	1	1	2
Gjaldeyrisskiptastöðvar	1	1	1	1	1	1
Tryggingarsjóðir	2	2	1	1	1	1
Skráðir lánveitendur	0	1	1	1	0	0
Þjónustuveitendur sýndarfjár	0	0	1	1	3	3
Samtals	95	91	87	88	106	103
Aðrir aðilar háðir eftirliti:						
Verðbréfasjóðir	47	42	40	37	37	36
Sérhæfðir sjóðir fyrir almenna fjárfesta <sup>3</sup>	60	60	60	54	61	69
Aðrir sérhæfðir sjóðir <sup>4</sup>	106	111	117	114	116	121
Vörsluaðilar lífeyrissparnaðar <sup>5</sup>	8	8	8	8	8	8
Útgefendur skráðra hlutabréfa	21	20	23	24	23	26
Útgefendur skráðra skuldabréfa	57	65	50	57	51	51
Eignarhaldsfélög <sup>6</sup>	9	6	6	5	6	5
Fjármálasamsteypur <sup>7</sup>	0	0	0	0	1	1
Fjármálafyrirtæki í slitameðferð	2	1	0	0	0	0
Alls	405	404	391	387	409	420

1. Þar af eru 9 leyfisskyldir rekstraraðilar, af þeim eru 6 einnig rekstrarfélög verðbréfasjóða, og 10 skráningarskyldir rekstraraðilar, þar af 1 verðbréfafyrirtæki.

2. Margir lífeyrissjóðir eru deildaskiptir. Deildirnar voru samtals 69 í lok árs 2021.

3. Áður fjárfestingarsjóðir.

4. Áður fagfjárfestingarsjóðir.

5. Viðskiptabankar og sparissjóðir. Lífeyrissjóðir og erlendir vörsluaðilar ekki meðtaldir.

6. Eignarhaldsfélög á fjármálasviði eða vátryggingasviði eða blönduð eignarhaldsfélög.

7. Fjármálasamsteypur á fjármálasviði eða vátryggingasviði.

Heimild: Seðlabanki Íslands.

## 2 Starfsemi erlendra aðila á Íslandi við árslok 2021

Tafla 1 Fjöldi erlendra aðila sem hafa heimild til að veita þjónustu á Íslandi

<i>Fjöldi í lok árs</i>	2020	2021
Lánastofnanir og aðrar fjármálastofnanir án starfsstöðvar	303	236
Verðbréfasjóðir (UCITS (fjöldi deilda))	113 (1.291)	124 (1.347)
Verðbréfafyrirtæki með starfsstöð	1	1
Verðbréfafyrirtæki án starfsstöðvar	2.630	581
Verðbréfamistöðvar með starfsstöð	1	1
Verðbréfamistöðvar án starfsstöðvar	0	5
Vátryggingafélög með starfsstöð	2	2
Vátryggingafélög án starfsstöðvar	440	351
Vátryggingamiðlarar með starfsstöð	2	2
Vátryggingamiðlarar og -umboðsmenn án starfsstöðvar	6.821	2.837
Greiðslustofnanir með umboðsaðila (fjöldi umboðsaðila)	3 (6)	3 (5)
Rafeyrisfyrirtæki með dreifingaraðila (fjöldi dreifingaraðila)	1 (1)	0
Greiðslustofnanir og rafeyrisfyrirtæki án starfsstöðvar	516	332
Lánamiðlanir án starfsstöðvar	18	4
Rekstraraðilar sérhæfðra sjóða án starfsstöðvar	205	152
<i>Fjöldi félaga sem skráð eru utan Evrópu og hafa heimild til að veita þjónustu á Íslandi á grundvelli íslenskra laga</i>		
Rekstraraðilar sérhæfðra sjóða (fjöldi sjóða)	46 (87)	30 (65)

*Heimild:* Seðlabanki Íslands.



FJÁRMÁLAEFTIRLIT  
2022